

# Sjálfsmatsskýrsla

júní 2016

**VARMAHLÍÐARSKÓLI**

**Skólaárið 2015-2016**

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ... 1
Meginniðurstöður ... 3
Inngangur ... 6
Um Varmahlíðarskóla ... 7
Markmið skólastarfs ... 8
Nemendur ... 9
Starfsmenn ... 9
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats ... 10
Sjálfsmat veturinn 2015-2016 ... 12
Mat á læsisgæðagreinum ... 13
Markmið og leiðir ... 13
Samstarf við heimilin ... 14
Samfella á milli skólastiga ... 14
Lestrarhvetjandi umhverfi ... 14
Einstaklingsmiðun ... 15
Tvítyngi og fjöltyngi ... 15
Skimanir ... 15
Verklag ... 16
Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* ... 16
Mat á gæðagreini 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans ... 16
Mat á gæðagreini 1.1 Framfarir í skólastarfi ... 17
Mat á gæðagreini 1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur ... 17
Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda ... 18
Mat á gæðagreini 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi ... 18
Gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og námsmat ... 19
Mat á Olweusargæðagreini ... 20
Umbótaáætlanir skólaársins 2015-2016 - starfsfólk ... 21

Innra mat á skólastarfi – nemendur ........ 28
Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda ........ 28
Námsreynsla nemenda, umbótaáætlun: 5.-6. bekkur ........ 28
Mat á skólastarfi Varmahlíðarskóla „Sýn nemenda“ ........ 30
Sýn nemenda á skólastarfinu, umbótaáætlun: 7.-10. bekkur ........ 30
Skólapúlsinn ........ 32
Skólapúlsinn foreldrar ........ 33
Skólapúlsinn nemendur ........ 36
Skólapúlsinn starfsfólk ........ 38
Árleg skimun, starfsfólk ........ 42
Áætlun um sjálfsmat 2016-2019 ........ 44
Viðaukar ........ 45
Viðauki 1: Árleg skimun starfsfólks vor 2016 ........ 45
Viðauki 2: Einkunnaskali ........ 46
Viðauki 3: gg. Nýr nemendagæðagreinir „Sýn nemenda“ ........ 48
Viðauki 4: gg. Læsi, markmið og leiðir ........ 50
Viðauki 5: gg. Læsi, samstarf við heimilin ........ 52
Viðauki 6: gg. Læsi, samfella á milli skólastiga ........ 54
Viðauki 7: gg. Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi ........ 55
Viðauki 8: gg. Læsi, einstaklingsmiðun ........ 57
Viðauki 9: gg. Læsi, tvítyngi og fjöltyngi ........ 58
Viðauki 10: gg. Læsi, skimanir ........ 60
Viðauki 11: gg. Læsi, verklag ........ 61

# Meginniðurstöður

Ákveðið var í upphafi skólaárs að leggja áherslu á vinnu við gerð Læsisstefnu Skagafjarðar og hefja innra matið á því að meta þætti læsisstefnunnar með aðferðum Gæðagreina. Jafnframt var ákveðið að leggja áherslu á aðkomu nemenda að mati á skólastarfinu. Í lok skólaárs var tekin í notkun ný uppfærsla Skota á sjálfsmatsaðferðinni *How good is our school?* í íslenskri þýðingu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Starfsmenn í læsisráði, sem í sátu fulltrúar úr leik- og grunnskólum í Skagafirði auk fulltrúa frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, unnu að því að setja fram gæðaviðmið læsisstefnunnar á gæðagreinaform svo hægt væri að leggja þá fyrir til mats og umbóta hjá starfsmönnum leik- og grunnskóla í Skagafirði. Alls voru því átta gæðagreinar um læsisstefnu búnir til og lagðir fyrir starfsfólk skólans í upphafi skólaárs og unnið var með niðurstöður þeirrar mats- og umbótavinnu jafnt og þétt yfir skólaárið.

Í vetur tóku fulltrúar nemenda þátt í mati á skólastarfinu með aðferðum Gæðagreina. Matið fór fram með nemendum í 5. og 6. bekk í desember, Gæðagreinir 2.1 um **námsreynslu** var lagður fyrir til mats. Einnig vann stjórn nemendafélagsins nýjan gæðagreini um skólastarf þar sem mikilvægustu þættir þess að mati nemenda voru settir á gæðagreinaform. Hinn nýi Gæðagreinir „Sýn nemenda" var lagður fyrir alla nemendur 7. – 10. bekkjar í mars. Þegar ný íslensk þýðing á skoska sjálfsmatskerfinu lá fyrir, fengu allir starfsmenn skólans kynningu á nýja efninu þar sem farið var yfir helstu áherslubreytingar og uppfærslur á sjálfsmatsaðferðinni. Einn gæðagreinir úr nýja efninu var lagður fyrir til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans í maí.

Alls voru því lagðir fyrir fimmtán gæðagreinar til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu og tveir fyrir nemendur. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér fyrir neðan. Leiðir til umbóta má lesa nánar um í umbótaskýrslum sem birtar eru í skýrslunni.

| **Mat starfsfólks** | |
|---|---|
| **Læsi, markmið og leiðir**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 4,4<br>Eldra stig: 5,4 | **Læsi, samstarf við heimilin**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 4,4<br>Eldra stig: 3,3 |

| | |
|---|---|
| **Læsi, samfella á milli skólastiga**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 4<br>Eldra stig: 4 | **Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 4,4<br>Eldra stig: 5,4 |
| **Læsi, einstaklingsmiðun**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 5<br>Eldra stig: 6 | **Læsi, tvítyngi og fjöltyngi**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 3<br>Eldra stig: 2 |
| **Læsi, skimanir**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 5<br>Eldra stig: 6 | **Læsi, verklag**<br>Matseinkunn:<br>Yngra stig: 5,6<br>Eldra stig: 4,5 |
| **gg. 1.1 Framfarir í skólastarfi**<br>Matseinkunn: 4 | **gg. 1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur**<br>Matseinkunn: 4 |
| **gg. 2.1 Námsreynsla nemenda**<br>Matseinkunn: 5 | **gg. 2.2 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans**<br>Matseinkunn: 4 |
| **gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat**<br>Matseinkunn: 5, 5, 4, 4, 5, 4-5, 4, 4 | **gg. 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans**<br>Matseinkunn: 4, 4, 4, 4, 5 |
| **Olweusargæðagreinir**<br>Matseinkunn: 4, 4, 4, 5, 4 | |
| **Mat nemenda:** | |
| **gg. 2.1 Námsreynsla nemenda<br>5. bekkur**<br>Matseinkunn: 5, 4, (einn hópur gaf ekki heildareinkunn) | **gg. 2.1 Námsreynsla nemenda<br>6. bekkur**<br>Matseinkunn: 4, 5, 4, 4 |
| **Nýr gæðagreinir um *skólastarf í Varmahlíðarskóla - 7. og 8. bekkur***<br>Matseinkunn: 5, 5, 4, 4, 4, 4, 5, 3 | **Nýr gæðagreinir um *skólastarf í Varmahlíðarskóla - 9. og 10. bekkur***<br>Matseinkunn: 4, 5, 4, 4, 4, 4, 5, 4 |

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hverrar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins sem sjá má í viðauka 2.

Annað árið í röð voru árlegar viðhorfakannanir lagðar fyrir í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Nú getur starfsfólk skólans bæði skoðað stöðu í einstökum þáttum til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísu svo og skoðað þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í niðurstöður kannananna jafnt og þétt yfir skólaárið en heildarsamantekt skólaársins má skoða í þessari skýrslu.

Árleg skimun starfsfólks á Gæðagreinum var lögð fyrir í lok skólaársins, í síðasta sinn í núverandi mynd, vegna innleiðingar á nýrri uppfærslu sjálfsmatsaðferðarinnar, ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** Heildarniðurstöður eru afar jákvæðar um allflesta þætti skólastarfsins. Samkvæmt skimuninni þarf þó að skoða nokkra þætti sem betur mættu fara að mati starfsfólks. Má þar fyrst nefna að ljúka þarf skólanámskrá Varmahlíðarskóla. Einnig þarf að leita leiða og lausna til að bæta gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir en það er ekki starfandi náms- og starfsráðgjafi við skólann heldur er keypt lágmarksþjónusta til einstakra verkefna.

Alls svöruðu 30 starfsmenn Varmahlíðarskóla skimuninni.

Ný þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu, sem nú mun byggja á nýja efninu ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?,*** útgefið í apríl 2016 hjá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga.

Unnið var í skólanámskrá og er sú vinna vel á veg komin. Ákvörðun var tekin um að birta jafnóðum fullunna hluta skólanámskrár á heimasíðu skólans og er nú unnið að því að koma efninu á vefinn. Vinnu við skólanámskrá og birtingu hennar verður haldið áfram á komandi skólaári. Stefnt er að því að skólanámskrá verði fullunnin vorið 2017 og að eftir næsta skólaár taki við reglubundin endurskoðun og uppfærsla einstakra þátta námskrárinnar eftir þörfum.

# Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga. Grunnskólalögin má sjá á eftirfarandi slóð:

http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93

Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreinana,* sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna, allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreinunum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinarnir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðslu-þjónustu Skagafjarðar.

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi starfsmanna ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana. Í vetur störfuðu í teyminu Helga Harðardóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir, Kristvina Gísladóttir, Hafdís Edda Stefánsdóttir og Ólafur Atli Sindrason. Kennsluráðgjafi sá um fyrirlögn og úrvinnslu. Skólastjóri sér um árlega sjálfsmats-skýrslugerð. Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, Gæðagreinum 2. Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu. Á síðasta matsfundi starfsfólks í vor var lagður fyrir nýr gæðagreinir úr efninu „Hversu góður er skólinn okkar" sem er endurútgáfa og ný þýðing af Gæðagreinum 2.

Allt starfsfólk kemur að sjálfsmati skólans og aðkoma nemenda að sjálfsmatinu hefur aukist og er í þróun.

# Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri. Fjöldi nemenda í lok skólaársins var 131 nemandi. Heildarfjöldi starfsmanna var 39, ýmist í hluta- eða fullu starfi. Í starfsáætlun skólans og ársskýrslu má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi.

Leiðarljósin í skólastarfi Varmahlíðarskóla eru **virðing, metnaður** og **vellíðan.** Við höfum þá trú að með því að rækta virðingu, gleði, vináttu, heilbrigði og ábyrgð í skólastarfi leggjum við grunn að því að nemendur öðlist sjálfstraust til að takast á við nám sitt af metnaði og alúð og séu vel undir framtíðina búnir. Við leggjum ríka áherslu á velferð allra nemenda í leik og starfi.

Skólastarf hefst kl. 8:20 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Í mötuneyti skólans fá allir nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum.
Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Þetta hefur verið nýtt aðra hverja viku í vetur vegna hagræðingar í rekstri. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félags-miðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa einnig verið í höndum umsjónarkennara.
Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra voru kosnir á aðalfundi í haust og stóðu þeir að veglegri aðventugleði í lok nóvember ásamt skemmtilegri vorhátíð síðasta skóladaginn í vor.
Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabil haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Eiga nemendur skólans kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu 48 nemendur Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreyti-leika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja

tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Skólahúsnæði Varmahlíðarskóla er staðsett við Birkimel og fer þar fram öll starfsemi skólans. Allir bekkir eiga sína heimastofu en þær eru misstórar. Matsalur er tvísetinn þar sem hann rúmar ekki nemendafjöldann. Tölvuver er með 16 nettengdum tölvum. Bókasafn skólans liggur að tölvustofunni, þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Smíðar, heimilisfræði og málmsmíði eiga sínar sérgreina-stofur. Það sem upp á vantar er sérstök aðstaða fyrir kennslu í náttúruvísindum, textíl-mennt og myndmennt þar sem textílmennt og myndmennt þurfa núna að samnýta eina kennslustofu. Aðstaða til íþrótta- og sundiðkunar er góð. Sundlaugin er nýtt til sundkennslu allt skólaárið fyrir alla nemendur skólans.

Nemendum í 8., 9. og 10. bekk er boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu 13 af 21 nemendum bekkjarins sér það. Sjö nemendur 10. bekkjar stunduðu nám í framhaldsskólaáföngum, 3 í ensku og 4 í stærðfræði. Auk þess stunduðu tveir nemendur 9. bekkjar nám í framhaldsskólaáföngum, 2 í ensku og annar þeirra einnig í stærðfræði.

## *Markmið skólastarfs*

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hlutverk grunnskólans er að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar, auka leikni og stuðla að áframhaldandi menntun og þroska hvers og eins. Skólinn stuðlar að sjálf-

stæðri hugsun og þjálfar nemendur í samvinnu. Varmahlíðarskóli starfar eftir hugmyndafræðinni **skóli án aðgreiningar**. Skólastefna Varmahlíðarskóla byggir á ofangreindum markmiðum auk skólastefnu Skagafjarðar.

Sex grunnþættir menntunar eru lagðir til grundvallar í nýrri Aðalnámskrá frá árinu 2011. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru leiðarljós í starfi skólans. Nám, kennsla, samskipti og skólabragur mótast af þessum þáttum og þeir fléttast inn í daglegt starf.

## *Nemendur*

Þetta skólaár voru nemendur alls 131. Skipting í bekki var eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. bekkur | 6 nemendur | Umsjón Sara Gísladóttir |
| 2. bekkur | 12 nemendur | Umsjón Lára Gunndís Magnúsdóttir |
| 3. bekkur | 8 nemendur | Umsjón Birgitta Sveinsdóttir |
| 4. bekkur | 6 nemendur | Umsjón Birgitta Sveinsdóttir |
| 5. bekkur | 16 nemendur | Umsjón Trostan Agnarsson |
| 6. bekkur | 14 nemendur | Umsjón Hafdís Skúladóttir |
| 7. bekkur | 16 nemendur | Umsjón Sigrún Benediktsdóttir |
| 8. bekkur | 16 nemendur | Umsjón Helga Sigurðardóttir |
| 9. bekkur | 16 nemendur | Umsjón Helga Rós Sigfúsdóttir |
| 10. bekkur | 21 nemandi | Umsjón Ólafur Atli Sindrason |

## *Starfsmenn*

Starfsmenn skólans voru 39 í vetur, að meðtöldum kennara í stundakennslu við smíðar eftir áramót. Stjórnendur eru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar með réttindi eru 19 að meðtöldum stjórnendum og tveir leiðbeinendur eru í hlutastarfi við list- og verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu eru 14,3. Stuðningsfulltrúar eru þrír í 2,75 stöðugildum. Skólaliðar eru fjórir í 3,4 stöðugildum. Einn þroskaþjálfi er í 85% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar eru fjórir í 3,43 stöðugildum.

Starfsmenn íþróttamiðstöðvar eru fjórir, þar af er forstöðumaður íþróttamiðstöðvar í 100% starfi. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír í 2,4 stöðugildum.

# Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Varmahlíðarskóli hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, ***How good is our school***. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: ***Hversu góður er grunnskólinn* okkar?**

Í sjálfsmatskerfinu ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. **Forysta og stjórnun**
2. **Námsskilyrði**
3. **Velgengni og árangur**

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott,*** sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

**Framkvæmd matsins:**

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir á.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunar-gögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

**Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmats-kerfisins *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í fjórum skrefum:**

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á.
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi.*** Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi, svo og þátta sem þarfnast umbóta,*** umsögn og einkunnagjöf.
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn,*** eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta.***

# Sjálfsmat veturinn 2015-2016

Í upphafi skólaársins var sameiginlegu verkefni leik- og grunnskóla um mótun læsisstefnu Skagafjarðar hrundið af stað. Tónlistarskóli Skagafjarðar átti einnig aðkomu að verkefninu. Í tengslum við verkefnið voru gæðaviðmið búin til fyrir átta gæðagreina um einstaka þætti læsisstefnunnar. Allt starfsfólk skólans kom að mats- og umbótavinnu og sá læsisteymi skólans um fyrirlögn, úrvinnslu og eftirfylgni á skólaárinu. Áætlað er að læsisstefna Skagafjarðar verði tilbúin til útgáfu í lok næsta skólaárs en samhliða vinnunni stendur innleiðing stefnunnar yfir í skólum Skagafjarðar.

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun. Í október var lagður fyrir starfsmenn gæðagreinir 3.1 um þátttöku starfsfólks í starfi skólans. Í nóvember var lagður fyrir gæðagreinir 1.1 um framfarir í skólastarfi, gæðagreinir 1.2 um samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur, gæðagreinir 2.1. um námsreynslu nemenda, gæðagreinir 2.2 um árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi. Í febrúar var lagður fyrir Olweusargæðagreinir. Í maí var lagður fyrir gæðagreinir 2.3 um nám, kennsla og námsmat. Starfsmönnum sem mátu gæðagreinana var skipt í hópa.

Í vetur tóku fulltrúar nemenda þátt í mati á skólastarfinu með aðferðum Gæðagreina. Matið fór fram með nemendum í 5. og 6. bekk í desember, var Gæðagreinir 2.1 um **náms-reynslu** lagður fyrir til mats.

Stjórn nemendafélagsins útbjó nýjan gæðagreini „Sýn nemenda" í nóvember, með aðstoð og leiðsögn fulltrúa úr sjálfsmatsteymi, og var hann lagður var fyrir 7. - 10. bekk í mars. Árleg skimun á Gæðagreinunum var lögð fyrir allt starfsfólk skólans í maí.
Kannanir Skólapúlsins voru lagðar fyrir nemendur í nóvember og apríl. Notaðar eru kannanir í því vefkerfi sem lagðar eru fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk, úrtak 80 foreldra/forsjáraðila nemenda við skólann og svo allt starfsfólk.
Fjallað er um kannanirnar og helstu niðurstöður í sérköflum hér á eftir.

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr öllum þáttum sem metnir voru á skólaárinu. Stuttlega er gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Hér er bæði um að ræða mat starfsmanna og nemenda.

# Mat á læsisgæðagreinum

**Einkunn: 4**

Í kjölfar *Hvítbókar* menntamálaráðherra og *Þjóðarsáttmála um læsi* var ákveðið að taka höndum saman og vinna að sameiginlegri lestrarstefnu leik- og grunnskóla í Skagafirði, auk aðkomu Tónlistarskóla Skagafjarðar. Þetta verkefni var unnið í vetur í samvinnu allra skólanna. Myndað var svokallað læsisráð með fulltrúum úr hverjum skóla sem annaðist umsýslu og verkstjórn verkefnisins, í því sátu einnig fulltrúar frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir sérkennari var verkefnastjóri læsisráðs en fulltrúi Varmahlíðarskóla í ráðinu var Sara R. Valdimarsdóttir, sérkennari. Fulltrúar í læsisráði frá hverjum skóla voru í forsvari fyrir verkefninu á hverjum stað og myndað var læsisteymi í hverjum skóla sem stýrði vinnunni. Í upphafi verkefnisins voru sett fram gæðaviðmið og búnir til átta gæðagreinar um hvern þátt læsisstefnunnar. Þættirnir voru eftirfarandi: *Markmið og leiðir, samstarf við heimilin, samfella á milli skólastiga, lestrarhvetjandi umhverfi, einstaklingsmiðun, tvítyngi og fjöltyngi, skimanir* og *verklag*. Lestrarstefnan var kynnt fyrir starfsfólki skólanna á árlegum fræðsludegi í ágúst 2015 og áformað er að hún verði tilbúin í lok næsta skólaárs. Búið er að uppfæra gæðaviðmiðin í takt við þróun verkefnisins og má sjá gæðagreinana átta í viðaukum IV-XI.

Sjálfsmat á gæðagreinum um lestrarstefnu fór fram hjá starfsmönnum Varmahlíðarskóla dagana 30. september og 14. október 2015. Samantekt á styrkleikum varðandi einstaka þætti lestrarstefnunnar að mati starfsfólks er sett hér fram eftir yngra stigi og eldra stigi:

## Markmið og leiðir

Heildareinkunnagjöf var á bilinu 3 Nægilegt – 5 Mjög gott

Eldra stig. Styrkleikar: Allir kennarar í skólanum leggja áherslu á að auka markvisst lesskilning, orðaforða og málskilning í öllu starfi og námsgreinum með nemendum.

Yngra stig. Styrkleikar: Viðhorf okkar er skýrt að læsi sé mikilvægur þáttur í öllu námi og lykill að allri þekkingu. Hér er Byrjendalæsi og allir hafa þá sýn að lestarfærni opni dyr að námi til framtíðar.

Hvað má bæta? Leggja má meiri áherslu á lestur hjá eldri nemendum. Það vantar samfellu milli stiga. Það vantar heildarmarkmið eða heildarstefnu skóla varðandi lestur.

## Samstarf við heimilin

Heildareinkunnagjöf var á bilinu 3 Nægilegt – 4 Mjög gott

Eldra stig. Styrkleikar: Gerum kröfur um heimalestur frá 1. og upp í 8. bekk.

Yngra stig. Styrkleikar: Mikil áhersla á heimalestur og eftirfylgni hans, t.d. vikulegir tölvupóstar til foreldra frá umsjónarkennara, foreldraviðtöl, haustfundir og eftirfylgni skimunarprófa.

Hvað má bæta? Það þarf að efla almennan lestur og heimalestur í 8. – 10. bekk
Efla enn meir samstarf milli heimilis og skóla hvað varðar lestur. Gætum kynnt foreldrum betur aðferðir til lestrarkennslu, t.d. sett á heimasíðu upplýsingatexta um lestrarkennslu og málþroska, greinar og niðurstöður rannsókna sem benda til mikilvægis lesturs á almennt læsi og málþroska nemenda.

## Samfella á milli skólastiga

Heildareinkunnagjöf var einkunnin 4 Mjög gott
Eldra og yngra stig. Styrkleikar: Kennarar miðla upplýsingum um nemendur innan skólans. Upplýsingum um stöðu læsismála er miðlað eins og þarf milli skólastiga.

## Lestrarhvetjandi umhverfi

Heildareinkunnagjöf var einkunnin 3 Nægilegt – 5 Mjög gott

Eldra stig. Styrkleikar: Staðið er vel að allri lestrarkennslu,við eigum frábært bókasafn og aðgengi að lesefni er gott. Vinnum með fjölbreyttan texta í kennslu og söngstundum.

Yngra stig. Styrkleikar: Gott bókasafn með góðu aðgengi að bókum. Erum dugleg að lesa með og fyrir nemendur. Vinnum nokkuð fjölbreytt með texta. Mikilvægt er talið að kveikja áhuga nemenda á lestri.

Hvað má bæta: Við þurfum enn lestrarvænna umhverfi, jafnvel inn í bekki, það er ekki nógu mikill fjölbreytileiki. Þar mætti nefna: Ritföng í öllum stofum skólans, krítartöflur, túss-töflur, leirsandur (Barnasmiðjan), spjaldtölvur og dagblaðahorn.

## Einstaklingsmiðun

Heildareinkunnagjöf var á bilinu 5 Mjög gott – 6 Framúrskarandi

Eldri og yngri. Styrkleikar: Við störfum eftir hugmyndafræðinni *skóli án aðgreiningar* og leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám með tilheyrandi einstaklingsnámskrám Það er í umsjón deildarstjóra sérkennslu og við teljum núverandi skipulag gefast vel. Við erum með hlutfallslega margar einstaklingsnámskrár.

Hvað má bæta? Þarf að ganga betur eftir undirskriftum foreldra á einstaklingsnámskrám. Gera þarf meira af einstaklingsnámskrám fyrir bráðgera nemendur.

## Tvítyngi og fjöltyngi

Heildareinkunnagjöf var á bilinu einkunnin 2 Slakt – 3 Nægilegt

Eldra og yngra stig. Styrkleikar: Samvinna við tungumálaver um norsku- og sænskunám í stað dönsku. Við erum meðvituð um að þegar verkefni, skimanir og próf tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda, sem varða málþroska, lestur og ritun eru metin er horft til þess að þau viðmið um árangur sem notuð eru miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál.

Hvað má bæta? Mættum vera duglegri að safna upplýsingum um málþroska tvítyngdra/ fjöltyngdra barna frá foreldrum. Ættum að athuga með lestrarefni fyrir fleiri en börn ættuð frá hinum Norðurlöndunum. Höfum aðgang að norræna bókasafni en þyrftum að verða okkur út um aðgang að t.d. rafrænu alþjóðlegu bókasafni.

## Skimanir

Heildareinkunnargjöf var 5 Mjög gott

Eldra og yngra stig: Styrkleikar: Við leggjum markvisst fyrir skimunarpróf og notum niðurstöður til þess að bæta kennslu nemenda. Við notum niðurstöður við gerð einstaklingsáætlana. Höfum gott aðgengi að sérfræðingum og ráðgjöf.

## Verklag

Heildareinkunnagjöf var á bilinu 4 Gott – 6 Framúrskarandi

Eldra og yngra stig. Styrkleikar: Læsisteymi er virkt og starfsfólk vinnur meðvitað að mótun læsisstefnu.

# Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

### *Mat á gæðagreini 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans*

Heildareinkunnagjöf var á bilinu 4 Gott – 5 Mjög gott
Gæðagreinirinn var metinn í fjórum fimm manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 28.10.2015

Hóparnir sem unnu matið á þessum gæðagreini eru sammála um að þeim sé treyst fyrir nemendum og verkefnum þeirra. Starfsfólk vinnur vel saman í teymum en vegna smæðar okkar virkar oft teymisvinnan ekki, því oft þurfum við að vera í mörgum teymum í einu. Starfsfólk er tilbúið að styðja við bakið hvert á öðru og leita eftir skoðunum og aðstoð. Við lítum á allar starfstéttir sem jafn mikilvægar. Eldhús og matsalur eru góð rými. Höfum skýra sýn á hvernig á að veita góða menntun og erum fús til að bæta okkur. Við vinnum markvisst að því að nemendur komi sem sterkir einstaklingar úr Varmahlíðarskóla og gerum okkur ljósar þær skyldur sem standa þar að baki. Einnig teljum við að góð samskipti og samvinna innan starfsmannahópsins sé lykillinn að farsælu skólastarfi.
Það sem betur má fara að mati hópanna er að bæta upplýsingaflæði á milli skólastiga og starfsfólks. Samstarfsfundir með yfirferð bekkja mættu vera oftar. Við þurfum að nýta símenntun betur og hafa hana sýnilegri. Skólastjórinn þarf að vera sýnilegri og fylgja eftir þeim áhersluatriðum og þróunarverkefnum sem ákveðin eru hvert sinn. Við erum með sameiginlega sýn en þurfum að koma henni á prent þ.e. skólanámskrá. Vantar fleiri endurmenntunarnámskeið. Það mætti bjóða upp á fleiri vefnámskeið. Ekki eru nógu margir skólaliðar í gæslu úti. Húsnæði þarfnast orðið mikilla lagfæringa, kalt er oft í húsinu.

Fjarlægja þarf teppi af öllum gólfum. Skipta um glugga og ofna. Laga mætti vinnuaðstöðu starfsfólks, borð og stóla. Vantar sameiginlega kaffiaðstöðu fyrir allt starfsfólk. Berum þess merki að margir stjórnendur hafi verið hér síðustu ár.
Starfsmannaviðtöl hafa verið í ólestri. Við höfum ekki jákvæða sýn á vinnuaðstöðu, húsnæði, húsbúnað og þjónustu. Kerfisveitan er dýrt bákn og hægvirkt, bilanatíðni há og tafir í störfum vegna hennar mælist í klukkustundum á mánuði. Talmeinafræðingur starfar hlutfallslega lítið við skólann og langt getur í sumum tilfellum liðið milli heimsókna. Hóparnir eru sammála um að mikilvægustu þættirnir eru umhyggja fyrir nemendum, að við veitum góða menntun en viljum verja meiri tíma til að efla starfsanda og stuðla að aukinni vellíðan í starfi. Að starfsfólki og nemendum líði vel í vinnunni. Áhugi, metnaður og samvinna starfsfólks

### *Mat á gæðagreini 1.1 Framfarir í skólastarfi*

Heildareinkunnagjöf: 4 Gott.

Gæðagreinirinn var metinn af sex manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 25.11.2016.

Niðurstöður hópsins voru að nemendur hafa tekið framförum, árangur aukist, þeir eru farsælir. Sterkasta hliðin er að nemendum gengur vel á ýmsum sviðum utan skóla og innan.
Veikar hliðar að mati hópsins eru að ekki virðist vera unnið nógu skipulega eftir umbótaáætlunum og/eða þær ekki nógu sýnilegar/ aðgengilegar starfsmönnum.

### *Mat á gæðagreini 1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur*

Heildareinnkunnagjöf: 4 gott

Gæðagreinirinn var metinn af sex manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 25.11.2016.

Niðurstöður hópsins voru að við uppfyllum vel lögbundnar skyldur, ákvarðanir okkar um fjármál endurspegla þarfir skólans. Starfsfólk, nemendur, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar

okkar þekkja hvers er vænst á  þessum sviðum og taka þátt í að uppfylla lögboðnar skyldur.
Sterku hliðarnar að mati hópsins eru að við gerum okkur vel grein fyrir þörfum nemenda og skólans en vandamálið er að Sveitarfélagið setur okkur hömlur og samþykkir ekki nema lítinn hluta af því sem við þurfum.
Veik hlið er að þar sem sveitarfélögin setja okkur hömlur fjárhagslega þá hefur þróunin ekki verið sem skyldi.

### *Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda*

Heildareinnkunnagjöf: 5 Mjög gott

Gæðagreinirinn var metinn af sex manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 25.11.2016.

Helstu niðurstöður hópsins eru að nemendur okkar eru áhugasamir, komið er fram við nemendur á jafnréttisgrundvelli og af sanngirni og virðingu, nemendur okkar eru farsælir, sjálfsöruggir. Nemendum finnst þeir vera öruggir og heilbrigðir, þeim finnst þeir ná árangri, vera virkir og ábyrgir þátttakendur sem njóta virðingar. Nemendur eru ábyrgir og leggja sitt af mörkum í skólastarfi  og þeir fá góða endurgjöf.

Sterku hliðarnar að mati hópsins eru að samheldinn skólabragur ríkir í skólanum.
Veiku hliðarnar eru að skólinn þarf kerfisbundið að efla betur sjálfstæði nemenda í námi og efla kennslu og notkun á námstækni.

### *Mat á gæðagreini 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi*

Heildareinnkunnagjöf: 4 Gott

Gæðagreinirinn var metinn af sex manna  hópi starfsmanna á starfsmannafundi 25.11.2016.

Helstu niðurstöður hópsins eru að foreldrar allra nemenda gegna mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna sinna. Foreldrar og foreldrasamtök eru örugg í samstarfi við okkur.

Foreldrar láta í ljósi að við gefum þeim skýrar upplýsingar og greina frá því að skólinn styðji þá og hvetji til að taka þátt í umræðum um menntun. Foreldrar leggja sitt af mörkum og eru ánægðir með gæði menntunar.
Hópurinn er sammála um að sterku hliðarnar okkar eru að foreldrar eru duglegir að mæta á fundi og samverur á vegum skólans. Hópurinn er sammála því að foreldrar séu mikilvægir í námi barna sinna. Foreldrafélagið er mjög virkt hér við skólann.
Veik hlið að mati hópsins er að erfitt er að svara sumum liðum þar sem við náum ekki að átta okkur á markmiðum vegna þess hve foreldramiðað þetta er. Megin niðurstaða þeirra sem unnu með þennan gæðagreini er að að foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í skólalífinu.

### *Gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og námsmat*

Heildareinkunnargjöf var á bilinu 4 gott – 5 Mjög gott

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum, fimm manna hópum starfsfólks á starfsmannafundi 9. maí 2016.

Styrkleikar sem starfsfólk setti fram á fundinum voru mjög góð samskipti við nemendur og heimili. Árangur nemenda í og utan skóla er skráður og viðurkenndur og allir nemendur virkjaðir.
Námsáætlanir eru gerðar á hverju hausti í öllum námsgreinum og fjölbreyttar aðferðir notaðar í námi, kennslu og námsmati. Námsmatsaðferðir eru sniðnar að þörfum nemenda. Við nýtum okkur vel niðurstöður skimana og kannana á landsvísu til umbóta. Nemendur taka þátt í sjálfsmati. Námsumhverfið er jákvætt og uppbyggjandi. Við nýtum nærumhverfið og samfélagið mikið í skólastarfinu. Nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu og nærumhverfinu. Verið er að auka gildi stafrænnar tækni í skólastarfinu jafnt og þétt.
Það sem starfsfólki þótti þurfa að bæta var eftirfarandi: Bæta þarf endurgjöfina og koma m.a. á leiðsagnarmati. Nýta útikennslu meira allt árið um kring. Námsreynsla nemenda mætti vera fjölbreyttari og með meiri áskorunum. Niðurstöður námsmats gefa ekki nógu skýra sýn á námsstöðu nemenda. Þurfum að æfa nemendur betur í jafningjamati, nemendum hættir til að gefa einkunnir eftir félagslegri stöðu en ekki getu. Upplýsingaflæði til foreldra um námsmat nemenda mætti vera betra, vera reglulegra yfir önnina, ekki bara tvisvar á ári við lok annar.

Námið er ekki nógu krefjandi fyrir bráðgera nemendur, en höfum þó bætt okkur þar með tilkomu framhaldsskóla áfanganna. Miðstigið vill verða svolítið útundan þarna.
Við viljum taka upp að nemendur gróðursetji plöntur, t.d. í tengslum við hjólaferðina í Heiðarland. Lögboðinni námsráðgjöf er ekki sinnt sem skyldi. Auka mætti jafningjamat nemenda sem góða viðbót við aðra endurgjöf eða námsmat. Við þurfum að virkja nemendur til sjálfstæðis á grundvelli grunnþátta menntunar.

Starfsmenn eru sammála um að mikilvægustu þættirnir séu eftirfarandi: Að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og námsmat við hæfi og úrlausnir þeirra séu nýttar á viðeigandi hátt. Við sem skólasamfélag stuðlum að því að allir nemendur öðlist sjálfstæði við nám sitt. Góður skólabragur er mikilvægur.

## Mat á Olweusargæðagreini

Heildareinkunnargjöf var á bilinu 4 Gott – 5 Mjög gott

Gæðagreinirinn var metinn af fimm fimm manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 28.10.2015.

Helstu niðurstöður voru þær að gera þyrfti áætlunina virkari, fara í endurinnleiðingu og taka upp markvissara skráningarkerfi. Mikilvægt væri að kynna aðgerðaráætlun skólans fyrir foreldrum og starfsmönnum á hverju hausti. Sterku hliðar okkar væru þær að kannanir væru gerðar reglulega meðal nemenda og foreldra og unnið með niðurstöður þeirra. Starfsfólk sagðist hafa þá tilfinningu að á milli starfsmanna og nemenda ríki yfirleitt gagnkvæmt traust og að nemendur séu duglegir að láta vita. Foreldrar hafi greiðan aðgang að starfsfólki skólans og geti auðveldlega leitað til skólans. Bekkjarfundnir eru haldnir reglulega.

# Umbótaáætlanir skólaársins 2015-2016 - starfsfólk

| ***Læsi: markmið og leiðir*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn ?** |
| Móta heildarstefnu skólans og gera læsisstefnu sýnilega. | Allir | Vorið 2016 | Tíma, samstillt átak og skóla-námskrárvinnu | Við útgáfu á skólanámskrár og læsisstefnu. Með því að vinna eftir áætluninni. |
| Byrjendalæsi á öllu yngsta stigi. | Skólastjórnendur. | Haustið 2016 | Stefnumótun og framkvæmd. | Byrjendalæsi sýnilegt á öllu yngra stigi. |
| Auka áherslu á lestur. Koma á samfellu á milli skólastiga. | Læsisteymi, kennarar og allir. | Aldrei | Fundi, áhuga og vilja. | Námsmat, samanburðarmat. |
| Setja sér stefnu í læsi á unglingastigi | Læsisteymi og kennarar. | Vorið 2016 | Fundi, áhuga og vilja. | Samanburðarmat. |
| Efla áhuga ungl-inga á lestri, efla lestrarmenningu. | Læsisteymi og kennarar. | Vorið 2016 | Fundi, áhuga og vilja. | Samanburðarmat. |
| Bæta lesskilning | Allir | Aldrei | Vilja/getu | Námsmat |
| Gera skýrari stefnu um ritunarkennslu. | Allt starfsfólk. | Vorið 2016 | Samstillt átak og tíma. | Með því að vinna eftir áætluninni. |
| ***Læsi: samstarf við heimilin*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Auka samstarf milli heimila og skóla. | Umsjónarkennari/ íslenskukennari. | 2016-2017 | Vilja | Gæðagreinir. |
| Upplýsa foreldra betur um lestraraðferðir. | Kennarar. | Á hverju skólaári. | Haustfundir. | Af framkvæmd. |
| Setja upplýsingatexta um lestraraðferðir á heimasíðu. | Læsisteymi og kennarar. | Á hverju skólaári. | Tíma og skipulag. | Af framkvæmd. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Auka vitund og áhuga foreldra á mikilvægi lesturs. | Læsisteymi, kennarar, foreldrafélag. | Vorið 2016 | Fundi, áhuga og vilja. | Samanburðarmat. |
| Hvetja mætti til þess að lesið yrði fyrir börn. | Umsjónarkennarar | Alltaf í vinnslu | Samskipti | Með spurninga-listum og könnunum. Að kanna fylgni með lestrarumræðu og orðarforða. |
| ***Læsi: samfella á milli skólastiga*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Sýnilegri og skýrari samfella, klára námskrá skólans. | Kennarar og starfsfólk. | Alltaf í vinnslu. Vorið 2016 | Árvekni, tíma og vilja. | Nemendur finna minna fyrir stökkum. |
| Áframhaldandi samvinna við framhaldsskóla. | Kennarar í Vhl. og FNV. | | Tíma. | |
| ***Læsi: lestrarhvetjandi umhverfi*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Aðstaðan er ágæt en hvetja mætti til yndislestrar. | Íslenskukennarar | Aldrei | Vilja og góðar fyrirmyndir. | Með skráningu á lesnum bókum. |
| Meiri fjölbreytileika í lestrarumhverfi nemenda, t.d. húsgögn, húsbúnaður, ritföng og pláss. | Skólastjórnendur, fræðslustjóri og sveitarstjórn að hluta. Í samráði við starfsfólk. | Í áföngum, byrja strax. | Fjármagn, skipulag, framkvæmd og hugmynda-vinna. | Skólapúlsinn, aukinn áhugi á lestri. |
| Útbúa ritunar-leiðbeiningar svo allt sé sýnilegt og aðgengilegt nemendum. | Bekkjarkennarar. | Í upphafi skólaárs 2016. | Vilja og drifkraft. | Sýnileiki. |
| ***Læsi: einstaklingsmiðun*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Auka lestrarþjálfun á unglingastigi | Íslenskukennarar | Aldrei | Vilja | Með skimunum. |
| Einstaklings-námskrár fyrir | Umsjónarkennari, deildarstjóri sérkennslu. | Við upphaf hverrar annar. | Framkvæmd og vilja, tíma, stefnumótun. | Með símati. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| bráðgera nemendur. | | | | |
| ***Læsi: Tvítyngi og fjöltyngi*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Áætlun um nám tvítyngdra og fjöltyngdra barna. | Kennarar, sérkennari, stjórnendur. | Sem fyrst. | Tíma og skipulag. | |
| Móðurmálskennsla er æskileg. | Sérkennari og skólayfirvöld. | Í stöðugri þróun. | Vilja | Með batnandi námsárangri nemenda í öðrum greinum í framhaldi. |
| Aðgengi að alþjóðlegu rafrænu bókasafni. | Umsjónarmaður bókasafns. | Sem fyrst. | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Læsi: skimanir*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Hafa reglulegar skimanir. | Íslenskukennari og sérkennari. | Aldrei | Gott skipulag | Rýna í niðurstöður. |
| Skólanámskrá vantar, markvissara plan um hvaða námsþætti á að taka fyrir á hverjum tíma. | Allir | Vorið 2016 | Samvinnu og tíma. | Við útgáfu námskrár. |
| ***Læsi: verklag læsisstefna*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Vantar upplýsingar um læsisstefnu í leik- og tónlistarskóla. | Læsisteymi. | Vorið 2016. | Vilja | Gæðagreinir. |
| Móta stefnuna og fara að vinna eftir henni. | Allt starfsfólk | Vorið 2016 | Samstillt átak og tíma. | Að ári liðnu ætti að vera hægt að meta útkomuna með matskerfi. |

| ***g.g 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Auka upplýsinga-flæði innan veggja skólans og samstarf á milli stiga. (t.d. samstarfsfundir oftar, tölvupóstar notaðir meira, stigstjórar dreifi upplýsingum). | Allir | Aldrei | Samstarfsvilja, samstöðu. | Með gæðagreini. |
| Fylgja eftir þróunarverkefnum (t.d. Orð af orði, byrjendalæsi, skólanámskrá, skólastefnu og skólasýn). | Skólastjórnendur og stjórnendur verkefnanna | Aldrei | Vilja stjórnenda, tíma og þrautseigju. | Árleg skimun. Gæðagreinir. Umræða og fundir. |
| Vera með jafningjafræðslu ásamt sjálfs-styrkingu og hópefli. | Allir starfsmenn | Aldrei | Jákvæðni, vilja, þátttöku, tíma. | Við öll |
| Endurbætur á húsnæði og húsbúnaði s.s starfsmannaaðstöðu allra starfshópa | Sveitarfélögin | Alltaf í vinnslu, Sem fyrst. | Fjármagn, vilja, samstöðu | Stjórnendur |

| ***g.g 1.1 Framfarir í skólastarfi*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Gera umbótaáætlanir sýnilegri og vinna markvisst að þeim. | Sjálfsmatsteymi | Vorið 2016 | Vinnu og vilja. | Þegar við sjáum þær. |
| ***g.g 1.2. Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur*** | | | | |
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fá sveitarfélögin til að samþykkja meira fjármagn til skólans. | Skólastjórnendur | Aldrei | Framkvæmd, forgangsröðun | |

| ***g.g 2.1 Námsreynsla nemenda*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Efla sjálfstæði nemenda í námi á kerfisbundinn hátt, efla námstækni | Kennarar og stjórnendur | Aldrei | Vilja, tíma, skipulag, faglegar ábendingar | Með sjálfsmati meðal starfsfólks og nemenda |

| ***g.g 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Stuðla að meiri samskiptum milli heimila og skóla. | Foreldrar og kennarar. | Aldrei | Vilja, jákvæðni og framkvæmda-semi. | Símat |

| ***g.g 2.3 Nám, kennsla og námsmat*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera ?** | **Hver á að gera það ?** | **Hvenær á því að vera lokið ?** | **Hvað þarf til ?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Auka fjölbreytni í námi, kennslu og námsmati. | Allir | Aldrei | Samvinnu | Gæðagreinir |
| Auka ábyrgð nemenda og sjálfstæði í námi. | Allir | Aldrei | Samvinnu og skipulag | Gæðagreinir |
| Kynningar á frammistöðu skólans í könnunum og verkefnum. | Þeir sem hlut eiga að máli. | Aldrei | Tíma og skipulag. | Gæðagreinir |
| Gera tilraun með leiðsagnarmat að | Stjórnendur stýra því að það komist í framkvæmd. | Um áramót | Kynna fyrir foreldrum, nemendum og | Spyrja viðkomandi hópa álits. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| hausti, í tengslum við foreldraviðtöl | | | kennurum. Útbúa viðmið fyrir matið. | Sjálfsmat |
| Að bæta námsmat i átt að símati og betri upplýsinga-gjöf um matið til foreldra og nemenda. | Allir eiga að sameinast um slíkt verkefni. | Aldrei | Fyrst og fremst vilja kennara til umbóta. Einnig eigum við að vera duglegri að fræða hvert annað um námsmat, það er verið að gera marga góða hluti innanhúss. | Sjálfsmat. Kannanir meðal foreldra og nemenda. |
| Að nýta almennt námsmat betur til að bæta nám nemenda. Bæta einstaklingsmiðun náms. | Kennarar og stoðþjónusta. | Aldrei | Vilja til að stíga út fyrir rammann, þ.e. skipuleggja frekar út frá getu en aldri. | Sjálfsmat. Kannanir meðal foreldra og nemenda. |
| Bæta upplýsingaflæði til foreldra varðandi námsmat nemenda. | Umsjónarkennarar | Aldrei | Framkvæmd, tíma, vilja og jákvæðni. | Með skráningu og símati. |
| Nota útikennslusvæðið meira. | Allir | Aldrei | Jákvæðni, framkvæmd, vilja og skipulag. | Með skráningu. |
| Koma betur til móts við bráðgera nemendur á öllum stigum. | Kennarar og skólastjórnendur. | Aldrei | Jákvæðni, framkvæmd, skipulag og tíma. | Sjálfsmat, símat, kannanir, próf. |
| Halda örnámskeið fyrir áhugasama og þá sem vilja nýta sér aðstöðuna til kennslu. | Útikennsluteymi. | Fyrir vorið 2017 | Áhuga og örlitla fjármuni. | Í aukinni notkun. |

## Olweusargæðagreinir - umbótaáætlun

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|---|---|---|---|---|
| Endurinnleiðing starfsfólks. | Olweusarteymið | Fyrir haustið. | Áætlun. | Innra mat. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Gera Olweusarteymið virkara | Stjórnendur | Strax | Vilja | Með auknu starfi. |
| Kaupa og ramma inn eineltisplaköt. | Lykilteymið | Í vor | Ramma og reikningsnúmer. | Með augunum |
| Innleiða uppbyggingarstefnu. | Valið teymi | Aldrei | Námskeið, tíma og fjármagn. | Með Olweusarkönnunum og skólabrag. |
| Hafa reglulega forvarnavinnu. | Umsjónarkennnarar og Olweusarteymi. | Á næstu misserum. | Skipulag | Með Olweusarkönnunum. |
| Hafa tiltæka viðbragðaáætlun. | Olweusarteymi | Á næstu misserum. | Skipulag | Þegar starfsfólk þekkir viðbragðsáætlunina. |
| Bæta skráningu eineltismála. | Olweusarteymið, stjórnendur. | Sem fyrst. | Skipulag og framkvæmd. | Þegar skráning er orðin markviss og hægt er að nálgast viðeigandi gögn. |
| Að gera lykilmenn sýnilegri og virkari í starfinu. | Skólastjóri og Helga Harðar | Sem fyrst | Fundartíma | Sjálfsmat |
| Kynningu á reglugerð 1040/2011 | Helga Harðar | Fyrir páskafrí 2016. | Fundartíma | Með krossaprófi |
| Gera skólanámskrá sýnilega. | Allir | Haustið 2016 | Vilja, jákvæðni, vinnusemi og fundartíma. | Þegar plaggið er tilbúið. |
| Hafa kynningar á hverju hausti fyrir starfsmenn og foreldra. | Umsjónarkennarar og lykilmenn Olweusar | Aldrei | Vilja, áhuga og eftirfylgni | Að haustfundi loknum ☺ |
| Reglulegir bekkjarfundir allra bekkja. | Umsjónarkennarar | Aldrei | Vilja, áhuga og eftirfylgni. | |
| Einstaklingsviðtöl við nemendur, þar sem utanaðkomandi aðili ræðir við nemendur (eldri) t.d. námsráððgjafi. | Námsráðgjafi? | Aldrei | Vilja, áhuga og eftirfylgni | |
| Aðgerðaáætlunin sem slík þarf að vera öllum starfsmönnum sýnileg. Eineltisáætlun | Skólastjóri, Olweusarlykilmenn | Aldrei | Vilja, áhuga og eftirfylgni | Þegar aðgerðaáætlunin er orðin sýnileg á heimasíðu og víðar. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Varmahlíðarskóla er ekki virk á heimasíðu skólans. | | | | |

# Innra mat á skólastarfi – nemendur

## *Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda*

Heildareinkunnagjöf var á bilinu 4 Gott – 5 Mjög gott.

Matið fór fram með nemendum í 5. og 6. bekk í desember.

Helstu niðurstöður nemenda voru að þeir væru almennt áhugasamir og góðir nemendur sem gættu þess að vera með öll námsgögn. Nemendur segjast koma skoðunum sínum á framfæri, þau taki virkan þátt í skólastarfinu og að þau hafi áhrif á skólastarfið á vissan hátt. Þeim finnist þau vera örugg í skólanum og á leiðinni í skólann.

Það sem þyrfti að bæta væri að minnka heimanám og auka val nemenda. Bæta megi framkomu nemenda sín á milli í frímínútum og einnig framkomu skólaliða gagnvart nemendum. Nemendur segjast einnig gjarnan vilja sjá umbætur á aðstöðu sinni í skólanum.

## *Námsreynsla nemenda, umbótaáætlun: 5.-6. bekkur*

| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
|---|---|---|---|---|
| Hætta að svindla í leikjum. | Allir | Með tíma | Að hlusta, hlýða og virða aðra og vinnu þeirra | |
| Hugsa sig tvisvar um áður en þú segir eitthvað um aðra eða við aðra. | Sá sem hugsar illa um aðra | Strax | Sanngirni og hugsun | Yfirheyra alla |
| Skólaliðar mega róa sig niður og taka meira tillit til annarra. Þeir verða að skilja | Allir Íslendingar | Eftir viku | Að þeir slaki á.<br><br>Yfirumsjón: skólastjóri. | Með því að horfa á skólaliðana. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| að það sem við gerum í frímínútum er bara leikur. | | | | |
| Það má bæta aðstöðu skólans, hægt væri að hafa harðara nám og fjölbreyttara nám. | Nemendur mega standa meira upp, segja meira sem þeim finnst. | Í lok ársins | Peninga, meira tal. | Funda meira |
| Við þurfum að segja meira frá. | Við | Fyrir 1. des. 2016 | Sjálfboðaliða | |
| Við viljum meira val. | Umsjónarkennari | Aldrei | Sannfæra umsjónarkennara | Vinna vel |

### *Mat á skólastarfi Varmahlíðarskóla „Sýn nemenda“*

Heildareinkunnargjöf var á bilinu 3 Nægilegt – 5 Mjög gott.

Stjórn nemendafélagsins útbjó nýjan gæðagreini „Sýn nemenda“ sem lagður var fyrir 7.-10. bekk í mars. Þar eru sett fram gæðaviðmið um sýn nemenda á mikilvægustu þætti skólastarfsins. Nemendafélagið vann að þessu verkefni með aðstoð fulltrúa úr sjálfsmats-teymi á nokkrum fundum. Mats- og umbótavinnan fór fram í hópavinnu nemenda í 7.-8. bekk annars vegar og hópavinnu nemenda í 9.-10. bekk hinsvegar. Fulltrúi úr sjálfsmats-teymi ásamt umsjónarkennurum bekkjanna aðstoðuðu nemendur á matsfundunum. Gæðagreininn má skoða í viðauka 3.

Samkvæmt niðurstöðum nemenda voru ýmsir styrkleikar skólastarfsins dregnir fram í matsskýrslu og ýmis atrið sett fram í umbótaáætlun. Helstu styrkleikar að mati nemenda voru eftirfarandi: Námið er fjölbreytt, sérstaklega í valgreinum.  Allir fá aðstoð við námið ef þeir þurfa og vilja. Kennararnir hlusta og taka mark á nemendum. Yfirleitt er andinn góður milli bekkja og innan bekkja. Samskipti eru góð og samvinna á milli nemenda og starfsfólks, allir sýna virðingu. Nemendur hlusta oftast á starfsfólk. Mötuneytið er gott og maturinn yfirleitt góður. Allir hjálpast að og eru á móti einelti.

Það sem þarf að bæta að mati nemenda er m.a. að stundum er starfsfólk skólans ekki til fyrirmyndar og gætu samskiptin verið betri milli nemenda og starfsfólks. Námið mætti vera fjölbreyttara og heimanámið minna. Útinám er gott og skemmtilegt en ekki nægjanlegt. Hópefli á milli bekkja þarf að vera oftar. Hvetja þarf unglingana til meiri útivistar. Laga þarf kyndingu í skólanum og bæta tölvubúnað. Vinaliðastarf er ekki nógu markvisst hjá unglingunum og þátttaka of lítil í leikjunum.

### *Sýn nemenda á skólastarfinu, umbótaáætlun: 7.-10. bekkur*

| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
|---|---|---|---|---|
| Meiri aga, refsa meira og nota punktakerfið meira. | Kennarar og starfsfólk. | Strax | Aga, að kennarar séu strangari. | Skoða ástundun eftir mánuð og spyrja nemendur. |
| Hafa hóflegt heimanám, meiri aðstoð við heimanám og fara á hraða yfir námsefnið sem hentar flest-öllum | Kennarar | Eins fljótt og hægt er | Kennarar hjálpi meira og spyrja um skoðun nemenda á þessu máli. | Tala við nemendur. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Kaupa nýja ofna og laga kyndingu almennt. Kaupa nýjar tölvur í tölvustofu og laga internetið. | Húsvörður, skólastjóri og kennarar. | Fyrir næsta haust | Peninga og aðgerðir. Fundur með skólastjóra og húsverði. | Þegar hiti í stofum er ekki of mikill eða of lítill. Spyrja nemendur og kennara um árangurinn |
| Tala við matráðinn og biðja hana um að hafa fjölbreyttari matseðil og minnka fisk. | Allir | Sem fyrst | Fund með matráð | Smakka matinn. |
| Bæta samskipti, að allir hlusti á alla og virði hvern annan. | Allir í skólanum. | Alltaf að bæta. | Vilja og virðingu allra, skilning á hvert öðru. | Með könnun og tala við fólk. |
| Hafa fjölbreyttara nám og meira útinám. | Kennarar og skólastjóri | Eftir ár. | Ákvörðun kennara og vilja. Laga útistofuna. | Nemendur, ræða á bekkjarfundi. |
| Fá meiri fræðslu um umhverfið okkar og aðrar þjóðir. | Kennarinn | Sem fyrst | Vilja hjá kennurum. | Gá hvað nemendur vita. |
| Gera eitthvað meira í frímínútum. | Nemendur | Sem fyrst | Vilja hjá nemendum. | Við verðum samheldnari. |
| Auka öryggi í rútunni | Skólabílstjórar | Núna | Fundur með skólabílstjórum. | Þegar við finnum fyrir öryggi í rútunum. |
| Skólaliðar þurfa að hlusta og sýna meiri virðingu | Skólaliðar | Sem fyrst | Virðingu og vilja | Við fáum virðingu |
| Hópefli þarf að vera meira. | Kennarar | Aldrei | Skipulagðar kennslustundir þar sem nemendur eru látnir hafa samskipti (miðað við 7. – 10. bekk). | Með verkefnum sem nemendur vinna saman. |

# Skólapúlsinn

Á skólaárinu voru nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, annað árið í röð. Notaðar eru kannanir í því vefkerfi sem lagðar eru fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk og alla foreldra/forsjáraðila við skólann svo og allt starfsfólk. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Sérstakur matskvarði er notaður til að lesa úr niðurstöðum kannana í Skólapúlsinum. Gildið 5 á kvarðanum táknar meðaltalið fyrsta starfsár Skólapúlsins árið 2008-2009. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Það merkir þá að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Viðmiðunar-reglan er sú að 0,5 stig telst lítill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Á öðrum matsþáttum er búin til vísitala úr einum eða fleiri svarmöguleikum. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingupplýsingar um aðferðafræði-legar aðferðir vefkerfisins, sjá **hér.**

Auk Skólapúlskannana var árleg skimun lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Þetta verður í síðasta sinn sem hún verður lögð fyrir í þeirri mynd sem hún er í dag þar sem að sjálfsmatsaðferðin hefur verið uppfærð. Gert er ráð fyrir að ný skimun, byggð á sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar*?, verði búin til á næsta skólaári.

### *Skólapúlsinn foreldrar*

Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr 47 skólum og var könnunin lögð fyrir í febrúar. Könnunin er send öllum foreldrum/ forsjáraðilum skólans en þó með þeim hætti að ef báðir foreldrar/forsjáraðilar eru með skráð netföng í skólanum þá er helmingur könnunar sendur á netfang hvors foreldris. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Varmahlíðarskóla var 95% eða 76 foreldrar/forsjáraðilar. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka þeir eru *nám og kennsla*, *velferð nemenda*, *aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Nám og kennsla** | | | | |
| Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum | 5,3 | 71 | 5,1 | 0,2 |
| Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra | 5,2 | 62 | 5,0 | 0,2 |
| Ánægja foreldra með stjórnun skólans (%) | 97,1% | 67/69 | 89,4% | **7,7%** |
| Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (%) | 84,3% | 59/70 | 84,4% | -0,1% |
| Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (%) | 91,2% | 62/68 | 78,2% | **13,0%*** |
| Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra (%) | 70,4% | 50/71 | 74,7% | -4,3% |
| Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra (%) | 62,3% | 43/69 | 76,3% | **-14,0%*** |

Í flokknum *nám og kennsla* kemur fram að ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er við landsmeðaltal í þremur þáttum en þeir eru *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum, nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra* og *hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra.* Þátturinn *hæfileg áhersla á námsmat með hefbundnum prófum að mati foreldra* er undir landsmeðaltali en munurinn nær ekki að vera marktækt lægri. Tvær þættir mælast marktækt hærri miðað við viðmiðunarskóla en þeir eru *Ánægja foreldra með stjórnun skólans* og *hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra.* Þessir tveir þættir hækka á milli ára, sérstaklega ánægja foreldra með stjórnun skólans sem er nú 97,1% en var 92,2%. Marktækt lægri er niðurstaðan í einum þætti sem er *hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra* þar sem svörunin er 62,3% nú miðað 77,4% áður.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|

| **Velferð nemenda** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur | 4,8 | 66 | 4,7 | 0,1 |
| Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda (%) | 90,0% | 63/70 | 88,2% | **1,8%*** |
| Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (%) | 94,4% | 68/72 | 91,3% | **3,1%*** |
| Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt (%) | 91,7% | 66/72 | 91,4% | 0,3% |
| Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (%) | 91,7% | 66/72 | 88,2% | **3,5%*** |
| Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (%) | 11,3% | 8/71 | 10,6% | 0,7% |
| Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (%) | 61,5% | 8/13 | 59,5% | 2,0% |
| Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum (%) | 66,7% | 8/12 | 56,1% | **10,6%*** |
| Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (%) | 83,3% | 45/54 | 78,3% | **5,0%*** |
| Meðaltímabil eineltis (ár) | 1,4 | 12 | 1,5 | -0,1 |
| Staðir innan skólans sem einelti á sér stað | - | 14 | - | - |

Í flokknum *velferð nemenda* mælast fimm þættir hærri en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir *ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt, líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt, ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum og ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans.* Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans hefur aukist verulega og er 83,3% nú en var 71,4% áður. *Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra* mælist 11,3% og er það 0,7% yfir landsmeðaltali. Lækkun milli ára er þó umtalsverð en umfangið var 24,2% fyrir ári síðan.

| | **Niðurstaða** | **Fjöldi svara** | **Lands-meðaltal** | **Mismunur** |
|---|---|---|---|---|
| **Aðstaða og þjónusta** | | | | |
| Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum | 5,2 | 72 | 5,0 | 0,2 |
| Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili | 5,6 | 32 | 4,8 | **0,8*** |
| Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili (%) | 53,0% | 35/66 | 37,8% | **15,2%*** |
| Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu | - | 29 | - | - |
| Ánægja foreldra með sérkennslu/ stuðning í skólanum (%) | 94,4% | 17/18 | 89,2% | 5,2% |
| Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skóla (%) | 26,8% | 19/71 | 29,3% | -2,5% |
| Tíðni sérkennslu/stuðnings (%) | 55,6% | 10/18 | 75,7% | **-20,1%*** |
| Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun (%) | 33,3% | 6/18 | 29,8% | 3,5% |
| Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun (%) | 66,7% | 4/6 | 65,9% | 0,8% |
| Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu (%) | 87,5% | 7/8 | 88,9% | -1,4% |
| Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaár (%) | 15,3% | 11/72 | 14,4% | 0,9% |
| Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (%) | 88,9% | 64/72 | 75,4% | **13,5%*** |
| Notkun á mötuneyti (%) | 100,0% | 72 | 86,9% | **13,1%*** |
| Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti, *verð* (%) | - | - | - | - |

Í flokknum *aðstaða og þjónusta* kemur fram í svörum foreldra að þeir eru marktækt ánægðari með *tómstundaþjónustu/frístundaheimili* og að *hlutfall nemenda í tómstunda-þjónustu/frístundaheimili* er hærra en í viðmiðunarskólunum. Þeir eru einnig ánægðari með *sérkennslu/stuðning í skóla* þrátt fyrir að munurinn sé ekki marktækur. *Tíðni sérkennslu/stuðnings* mælist marktækt lægri en landsmeðaltalið. Fleiri foreldrar/ forsjáraðilar hafa óskað eftir *sálfræðiþjónustu* fyrir börn sín miðað við viðmiðunarskólana á þessu skólaári og er aukningin umtalsverð á milli ára eða 15,3% nú miðað við 4,8% á síðasta skólaári. Foreldrar/forsjáraðilar eru marktækt ánægðari með *máltíðir í mötuneyti* en í viðmiðunarskólunum og er 100% nýting á mötuneyti í Varmahlíðarskóla.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Foreldrasamstarf** | | | | |
| Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi | 4,4 | 63 | 5,0 | **-0,6*** |
| Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (%) | 55,0% | 33/60 | 55,1% | -0,1% |
| Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á | - | 55 | - | - |
| Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á | - | 42 | - | - |
| Ánægja með síðasta foreldraviðtal (%) | 98,4% | 63/64 | 95,3% | 3,1% |
| Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali | - | 65 | - | - |
| Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemanda (%) | 36,5% | 23/63 | 54,0% | **-17,5%*** |
| Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (%) | 84,7% | 50/59 | 83,1% | 1,6% |
| Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (%) | 80,0% | 52/65 | 77,8% | 2,2% |
| Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá | 57,7% | 41/71 | 70,7% | **-13,0%*** |

Í flokknum *foreldrasamstarf* finnst foreldrum/forsjáraðilum í Varmahlíðarskóla að *frum-kvæði kennara að foreldrasamstarfi* sé minna en í viðmiðunarskólunum, munurinn mælist marktækur. Foreldrar/forsjáraðilar eru ánægðari með síðasta *foreldraviðtal* en þeir eru síður *upplýstir um stefnu skólans og námskrá* en þar mælist svörunin 13% lægri en landsmeðaltalið. *Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemanda* er marktækt lægri í Varmahlíðarskóla en í viðmiðunarskólunum.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Heimastuðningur** | | | | |
| Virkni foreldra í námi barna sinna | 4,4 | 65 | 4,9 | **-0,5*** |
| Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið | 4,3 | 64 | 4,6 | -0,3 |
| Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,5 | 62 | 4,5 | 0,0 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hæfileg heimavinna að mati foreldra (%) | 71,9% | 46/64 | 70,4% | 1,5% |
| Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, *+15 mín* (%) | 53,1% | 34/64 | 55,9% | -2,8% |
| Væntingar foreldra til menntunarstigs barns síns (%) | 63,3% | 38/60 | 74,8% | -11,5% |

Foreldrar/forsjáraðilar í Varmahlíðarskóla telja sig vera marktækt minna *virkir í námi barna sinna* og virðast hafa örlítið minni *trú á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið.* Svörun þessa þátta er sú sama og fyrir ári síðan. Fleiri meta *heimavinnu hæfilega* en færri foreldrar *aðstoða við heimanám* skv. könnuninni. *Væntingar foreldra til menntunarstigs barns síns* eru 63,3% og 11,5% undir landsmeðaltali en þó hafa væntingarnar aukist milli ára, mældust síðast 54,5%.

## *Skólapúlsinn nemendur*

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í 126 grunnskólum á landinu fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk á skólaárinu. Það eru um 80% grunnskóla í landinu sem taka þátt í könnuninni og um 90% allra nemenda í 6. – 10. bekk. Í Varmahlíðarskóla var könnunin lögð fyrir tvisvar sinnum yfir skólaárið í október og apríl. Helmingur nemenda í hverjum árgangi í 6. – 10. bekk tók könnunina í hvorri fyrirlögn. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru *virkni nemenda í skólanum*, *líðan og heilsa* og *skóla- og bekkjar-andi*. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu. Í úrtaki voru 83 nemendur og 78 sem svara könnuninni en svarhlutfall var 94%. Kynjahlutfall var nánast jafnt. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

| | **Niður-staða** | **Fjöldi svara** | **Landsmeðaltal** | **Mismunur** |
|---|---|---|---|---|
| **Virkni nemenda í skólanum** | | | | |
| Ánægja af lestri | 5,2 | 75 | 5,0 | 0,2 |
| Þrautseigja í námi | 5,0 | 76 | 5,1 | -0,1 |
| Áhugi á stærðfræði | 4,9 | 78 | 5,2 | -0,3 |
| Áhugi af náttúrufræði | 4,8 | 78 | 5,1 | -0,3 |
| Trú á eigin vinnubrögðum í námi | 4,7 | 78 | 5,2 | **-0,5*** |
| Trú á eigin námsgetu | 4,4 | 76 | 5,1 | **-0,7*** |

Í flokknum *virkni nemenda í skólanum* eru 5 af 6 þáttum undir landsmeðaltali. Mestur er munurinn er varðar *trú nemenda á eigin vinnubrögðum í námi* og *trú á eigin námsgetu.* Þó virðist sem trú nemenda á eigin námsgetu fari vaxandi því hún var 3,9 fyrir ári síðan og einnig hefur trú á eigin vinnubrögð í námi vaxið frá 4,3 í 4,7. *Þrautseigja í námi* mælist sú

sama og fyrir ári síðan en áhugi í stærðfræði minnkar örlítið úr 5,1 í 4,9 meðan áhugi eykst á náttúrufræði í 4,8 úr 4,6.

| | Niður-staða | Fjöldi svara | Landsmeðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Líðan og heilsa** | | | | |
| Sjálfsálit | 5,0 | 77 | 5,1 | -0,1 |
| Stjórn á eigin lífi | 4,8 | 78 | 5,0 | -0,2 |
| Vellíðan | 5,0 | 78 | 5,0 | 0,0 |
| Einelti | 4,7 | 78 | 5,1 | **-0,4*** |
| Tíðni eineltis (%) | 6,5% | 5/77 | 11,4% | -4,9% |
| Hreyfing (%) | 72,7% | 56/77 | 71,9% | 0,8% |
| Hollt mataræði | 4,5 | 78 | 4,9 | **-0,4%*** |

Í flokknum *líðan og heilsa* mælist Varmahlíðarskóli nálægt landsmeðaltali í fyrstu þremur þátttunum og eru fyrstu tveir *sjálfsálit* og *stjórn á eigin lífi* að mælast svipaðir og síðast. *Vellíðan* nemenda mælist þó hærri nú en fyrir ári síðan, var 4,6 en er nú 5,0. Nemendur Varmahlíðarskóla *hreyfa* sig meira en landsmeðaltalið en mataræði þeirra er marktækt lakara en nemenda í viðmiðunarskólunum og hefur farið versnandi, var áður 4,9 líkt og landsmeðaltalið. *Einelti* mælist marktækt lægra í Varmahlíðarskóla skv. könnunum Skólapúlsins miðað við þátttökuskólana. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Hér gætir því misræmis miðað við niðurstöður mælinga úr Olweusarkönnun, en í þeirri könnun mælist einelti meðal nemenda í 5. – 10. bekk í Varmahlíðarskóla 9,9% en könnunin var lögð fyrir alla nemendur í þessum árgöngum í nóvember 2015.

| | Niður-staða | Fjöldi svara | Landsmeðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Skóla- og bekkjarandi** | | | | |
| Samsömun við nemendahóp | 5,2 | 78 | 5,1 | 0,1 |
| Samband nemenda við kennara | 5,2 | 78 | 5,1 | 0,1 |
| Agi í tímum | 5,8 | 78 | 5,1 | **0,7*** |
| Virk þátttaka nemenda í tímum | 5,2 | 78 | 5,2 | 0,0 |
| Mikilvægi heimavinnu í náminu | 4,8 | 75 | 5,0 | -0,2 |

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist marktækur munur í einum þætti, það er *agi í tímum* sem hefur aukist frá síðustu könnun frá 5,4 í 5,8. Hinir þættirnir eru við eða nálægt

landsmeðaltali. Einn þáttur mælist undir landsmeðaltali og er það *mikilvægi heimavinnu í náminu*, mikilvægi heimanáms hefur þó aukist á milli ára frá 4,4 í 4,8.

## *Skólapúlsinn starfsfólk*

Viðmiðunarhópur þessarar könnunar samanstóð af svörum starfsmanna úr 57 grunnskólum og var könnunin lögð fyrir í mars. Svarhlutfall starfsmanna Varmahlíðarskóla var 92,3% en alls svöruðu 36 starfsmenn könnuninni. Könnunin mælir fimmtán almenna þætti. Auk þeirra eru kennarar beðnir um að gefa upplýsingar um 28 aðra þætti. Skólastjórnendur fá auk þess spurningar sem snúa að rekstri skólans en þær taka til átján þátta til viðbótar. Allir starfsmenn svara tveimur fyrstu efnisflokkunum en það eru flokkarnir *almennt um skólastarfið* og *viðhorf til skólans*. Kennarar svara auk þess fjórum öðrum efnisflokkum en þeir eru um *kennarastarfið*, *starfsumhverfi*, *mat og endurgjöf* og *símenntun*. Hver efnisflokkur skiptist svo niður í mismarga matsþætti. Hér á eftir má sjá upplýsingar frá skólastjórnendum varðandi almennar rekstrarupplýsingar um skólann. Þar á eftir koma niðurstöður úr starfsmannakönnun sem beint var til allra starfsmanna svo og kennara sérstaklega.

| | Niðurstaða | Varmahlíðarskóli | Landsmeðaltal | Viðmiðunarskólar | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Almennar rekstrarupplýsingar** | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks | 9,4 | 1 | 10,6 | 54 | -1,2 |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfóks við önnur störf | 8,2 | 1 | 24,1 | 53 | -15,9 |
| Hlutfall af heildarstöðugildum sem varið er í önnur störf en kennslu | 53,3% | 1 | 33,1% | 53 | 20,2% |
| Kynjahlutfall: Hlutfall karlmanna sem sinnir kennslu | 25,0% | 1 | 18,6% | 53 | 6,4% |
| Hlutfall kennara án háskólamenntunar | 10,0% | 1 | 1,5% | 45 | 8,5% |
| Skipulagt samstarf | - | - | - | - | - |
| Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu | 13,7% | 1 | 23,2% | 46 | -9,5% |
| Hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu | 16,8% | 1 | 6,8% | 42 | 10,0% |
| Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál | 9,9% | 1 | 5,6% | 49 | 4,3% |
| Símenntunarskylda – fjöldi daga | - | 0 | 5,0 | 51 | - |
| Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á yngsta stigi | 13,0 | 1 | 20,3 | 50 | -7,3 |
| Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi | 15,0 | 1 | 21,6 | 49 | -6,6 |
| Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á unglingastigi | 18,0 | 1 | 22,3 | 48 | -4,3 |
| Fjöldi nemenda á hverja tölvu | 3,4 | 1 | 5,5 | 47 | -2,1 |
| Hlutfall far- og spjaldtölva | 71,8% | 1 | 53,2% | 47 | 18,6% |
| Fjöldi nemenda á hverja gagnvirka töflu | 0 | 1 | 149,1 | 51 | -149,1 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda á hvern skjávarpa | 11,9 | 1 | 16,5 | 51 | -4,6 |
| Fjöldi kennara um hverja nettengda tölvu | 0,7 | 1 | 0,7 | 49 | 0,0 |
| Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra | 79,5% | 1 | 65,8% | 55 | 13,7% |

*Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi* kennara og annars starfsfólks er lægri en hjá viðmiðunarskólunum. *Hlutfall karlmanna sem sinnir kennslu* er hærra en í viðmiðunarskólunum og munar þar um 6,4%. *Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu* mælist lægra í Varmahlíðarskóla en hærra *hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu.* Fleiri nemendur eru með *íslensku sem annað mál* í Varmahlíðarskóla í samanburði við viðmiðunarskólana. *Færri tölvur eru á hvern nemanda* í skólanum en fleiri *far- og spjaldtölvur* miðað við landsmeðaltalið. *Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra* er hærra en í viðmiðunarskólunum og munar þar um 13,7%.

| | **Niðurstaða** | **Fjöldi svara** | **Lands-meðaltal** | **Mismunur** |
|---|---|---|---|---|
| **Allir starfsmenn - Almennt** | | | | |
| Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð **(dagar)** | 1,3 dagar | 34 | 2,0 dagar | **-0,7 dagar*** |
| Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð **(annað)** | - | 3 | - | - |
| Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð **(skipti)** | 1,7 skipti | 34 | 1,2 skipti | **0,5 skipti*** |
| Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð **(annað)** | - | 2 | - | - |
| Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð **(skipti)** | 0,1 skipti | 34 | 0,3 skipti | **-0,2 skipti*** |
| Starfsmannaviðtöl undanfarið ár (%) | 41,2% | 14/34 | 68,5% | **-27,3%*** |
| Gagnsemi starfsmannaviðtals (%) | 83,3% | 10/12 | 82,0% | 1,3% |
| Tíðni áreitni meðal starfsfólks (%) | 5,9% | 2/34 | 18,3% | -12,4% |
| Tíðni eineltis meðal starfsfólks (%) | 0% | 0/34 | 9,8% | -9,8% |

Hlutfall á f*jarveru* og seinkomum starfsfólks í Varmahlíðarskóla er marktækt lægra en í viðmiðunarskólunum. Einnig hafa marktækt færri starfsmenn farið í *starfsmannaviðtöl* undanfarið ár. *Tíðni áreitni* meðal starfsfólks mælist lægri en hjá viðmiðunarskólunum og hefur lækkað úr 11,8% niður í 5,9%. Ekkert einelti mælist nú *meðal starfsfólks* en mældist 11,8% fyrir ári síðan. Þarna er bæði vísað til eineltis/áreitni af hendi samstarfsmanna svo og af hendi nemenda/foreldra.

| | **Niðurstaða** | **Fjöldi svara** | **Lands-meðaltal** | **Mismunur** |
|---|---|---|---|---|
| **Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans** | | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Starfsánægja í skólanum | 4,9 | 34 | 5,1 | -0,2 |
| Starfsandi innan skólans | 5,0 | 34 | 5,0 | 0,0 |
| Stjórnun skólans | 5,4 | 33 | 5,0 | **0,4*** |
| Upplýsingastreymi innan skólans | 4,7 | 34 | 4,7 | 0,0 |
| Starfsaðstaða í skólanum | 5,0 | 34 | 4,5 | **0,5*** |

Í flokknum *viðhorf til skólans* mælist *upplýsingastreymi og starfsandi innan skólans* við landsmeðaltal. Starfsandinn nú mælist þó hærri en síðast og er nú 5,0 en var áður 4,7. Upplýsingastreymið hækkar sömuleiðis, fer úr 4,3 í 4,7. Starfsánægjan er ívið minni og hefur dvínað úr 5,2 niður í 4,9. *Stjórnun skólans og starfsaðstaða* mælist marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. Starfsaðstaðan mælist 5,0 eins og fyrir ári síðan en ánægja með stjórnun skólans hækkar úr 4,7 í 5,4.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Kennarastarfið** | | | | |
| Ánægja með kennarastarfið | 5,1 | 16 | 4,8 | 0,3 |
| Trú kennara skólans á eigin getu | 4,4 | 15 | 4,8 | -0,4 |
| Upplýsingamiðlun til foreldra | 3,3 | 15 | 5,0 | **-1,7*** |
| Tími heimavinnu á viku **(mín)** | 46,2 mín | 13 | 45,7 mín | 0,5 mín |
| Undirbúningur kennslu í skólanum (%) | 50,0% | 8/16 | 69,5% | -19,5% |
| Öllum bekknum kennt í einu (%) | 46,7% | 7/15 | 47,4% | -0,7% |
| Hópavinna í bekk (%) | 6,7% | 1/15 | 28,5% | -21,8% |
| Einstaklingsvinna í bekk (%) | 31,2% | 5/16 | 31,3% | 0,0% |
| Einstaklingsmiðuð kennsla | 6,2% | 1/16 | 45,8% | **-39,5%*** |
| Áhersla kennara á námsmat með prófum (%) | 13,3% | 2/15 | 21,3% | -8,0% |
| Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum % | 50,0% | 8/16 | 74,5% | **-24,5%*** |

Hér svara einungis kennarar en *ánægja með kennarastarfið* mælist örlítið hærri en í viðmiðunarskólunum en *trú kennara á eigin getu* mælist örlítið lægri. *Upplýsingamiðlun til foreldra* mælist marktækt minni en í viðmiðunarskólunum. Örlítið lengri tíma er varið í *heimavinnu nemenda* á vinnu. Undirbúningur kennslu í skólanum mælist 19,5% lægri í Varmahlíðarskóla en í viðmiðunarskólunum. Marktækur munur mælist á *einstaklings-miðaðri kennslu* og á *áherslu kennara á námsmat með öðru en prófum* en báðir þættir eru langt undir landsmeðaltali og hafa lækkað umtalsvert á milli ára. Í síðustu könnun mældist einstaklingsmiðuð kennsla 40% en svörunin nú er 6,2% en tekið skal fram að einungis 1/16 svara spurningunni. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum var 87,5% en mælist nú 50,0%, þessari spurningu svara 8/16.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Starfsumhverfi kennara** | | | | |
| Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika | 6,3 | 15 | 4,7 | **1,6*** |
| Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda | 5,7 | 14 | 4,8 | 0,9 |
| Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara | 4,3 | 14 | 4,9 | **-0,6*** |
| Samráð um kennslu | 2,8 | 15 | 5,1 | **-2,3*** |
| Samvinna um kennslu | 4,4 | 14 | 5,1 | **-0,7*** |
| Valddreifing við ákvarðanatöku | 5,4 | 12 | 4,6 | **0,8*** |
| Virk samvinna um skólaþróun og umbætur | 4,8 | 15 | 4,7 | 0,1 |
| Vinnuaðstæður kennara | 5,2 | 14 | 5,1 | 0,1 |

Í flokknum *starfsumhverfi kennara* mælast tveir af átta matsþáttum marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir *stuðningur við kennara vegna nemenda með námsörðugleika* og *valddreifing við ákvarðanatöku.* Báðir þættirnir hafa hækkað ef borið er saman á milli ára. *Stuðningur kennara vegna hegðunarörðugleika* mælist hærri en landsmeðaltalið. Þrír þættir mælast marktækt lægri en landsmeðaltalið. Þetta eru þættirnir *faglegur stuðningur skólastjóra við kennara, samráð um kennslu* og *samvinna við kennslu.* Faglegur stuðningur hefur þó hækkað milli ára úr 3,1 í 4,3 en hinir tveir þættirnir samráð og samvinna um kennslu hafa lækkað á milli ára. *Virk samvinna um skólaþróun og umbætur* er við landsmeðaltal en hefur hækkað milli ára úr 4,0 uppí 4,8.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Mat og endurgjöf** | | | | |
| Umfang mats og endurgjafar (%) | 40,0% | 6/15 | 61,8% | -21,8% |
| Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara (%) | 42,9% | 6/14 | 46,3% | -3,4% |
| Sanngirni mats og endurgjafar (%) | 100,0% | 6 | 90,3% | 9,7% |
| Gagnsemi mats og endurgjafar (%) | 100,0% | 6 | 87,1% | 12,9% |
| Nýting á niðurstöðum kennaramats | 4,8 | 8 | 4,4 | 0,4 |

Í flokknum *mat og endurgjöf* mælist *umfang mats og endurgjafar* 21,8% undir lands-meðaltali en hefur þó hækkað milli ára úr 15,4% uppí 40,0%. *Hæfilegt mat og endurgjöf*

*frá stjórnendum að mati kennara* mælist 3,4% undir landsmeðaltali en hefur sömuleiðis hækkað úr 16,7% uppí 42,9%.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Símenntun kennara** | | | | |
| Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár (dagar) | 7,3 dagar | 9 | 13,6 dagar | **-6,3 dagar*** |
| Símenntunarþörf kennara | 5,5 | 15 | 5,4 | 0,1 |
| Símenntunarþörf kennara (annað) | - | 0 | - | - |
| Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mán. (%) | 57,1% | 8/14 | 58,6% | -1,5% |
| Hindranir í símenntun kennara | - | - | - | - |
| Form símenntunar sem óskað er eftir | - | 13 | - | - |

Miðað við niðurstöður starfsmannakönnunarinnar kemur fram að kennarar í Varmahlíðarskóla nýta marktækt færri daga til *endurmenntunar* á ársgrundvelli miðað við viðmiðunarskólana eða 6,3 dögum færri. Einnig eru kennarar færri í Varmahlíðarskóla *sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði* en kennarar í viðmiðunarskólunum.

### Árleg skimun, starfsfólk

Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Varmahlíðarskóla í lok maí í síðasta sinn í núverandi mynd. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar er einnig hægt að skoða samanburð einkunnagjafar í einstökum matsþáttum við niðurstöður árlegrar skimunar frá síðustu tveimur skólaárum. Heildar-niðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar og hafa margir þættir skólastarfins fengið hærri einkunn nú miðað við niðurstöður frá síðasta skólaári.

Þeir þættir sem huga þarf betur að á næsta skólaári að mati starfsfólks eru varðandi:

- Gæði skólanámskrárinnar.
- Náms- og starfsráðgjöf sem skólinn veitir.

- Virkni þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu.
- Mótun þróunaráætlana, framkvæmd þeirra og eftirfylgni.
- Skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila.
- Gæði þverfaglegrar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðiþjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórn).
- Fjármálastjórnun skólans.
- Nýtingu á húsnæði skólans, aðbúnað og aðstöðu til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi.

# Áætlun um sjálfsmat 2016-2019

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni ***Hversu góður er skólinn okkar?***, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr nýja efninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

| Skólaár | 2016-2017 | 2017-2018 | 2018-2019 |
|---|---|---|---|
| **Haustönn** | | | |
| | 2.1 Nemendavernd | 2.3 Nám, kennsla og námsmat | 2.3 Nám, kennsla og námsmat |
| | 2.4 Einstaklingsmiðun | 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat | 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar |
| október | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk |
| | 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi | 1.2 Forysta í skólastarfi | 3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur |
| | 2.6 Samfella í skólastarfi | 1.3 Breytingastjórnun | 3.3 Sköpun og starfshæfni |
| | | | gg. Olweusargæðagreinir |
| nóvember | Olweusarkönnun nemendur í 4.-10. bekk | Olweusarkönnun nemendur í 4.-10. bekk | Olweusarkönnun nemendur í 4.-10. bekk |
| **Vorönn** | | | |
| | Mat nemenda á skólastarfi | Mat nemenda á skólastarfi | Mat nemenda á skólastarfi |
| febrúar | Skólapúlsinn foreldrar | Skólapúlsinn foreldrar | Skólapúlsinn foreldrar |
| | 2.2 Skólanámskrá | 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | 2.7 Samstarf |
| | | 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni | |
| | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk |
| mars | Skólapúlsinn starfsmenn | Skólapúlsinn starfsmenn | Skólapúlsinn starfsmenn |
| maí | Árleg skimun starfsfólks | Árleg skimun starfsfólks | Árleg skimun starfsfólks |
| **Júní** | Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla | Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla | Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla |

# Viðaukar

# Viðauki 1: Árleg skimun starfsfólks vor 2016

| | 1 Ófullnægjandi | 2 Slakt | 3 Nægilegt | 4 Gott | 5 Mjög gott | 6 Framúrskarandi | Svörun | Meðaleinkunn | **% m eink 4-6 2016** | % m eink 4-6 2015 | % m eink 4-6 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hver eru gæði námsárangurs nemenda að þínu mati? | 0 | 0 | 0 | 8 | 14 | 3 | 25 | 4,80 | **100%** | 96% | 100% |
| Á hvaða hátt finnst þér skólastarfið samræmast lögum og reglum m.t.t. vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti? | 0 | 0 | 1 | 8 | 18 | 0 | 27 | 4,63 | **96%** | 96% | 100% |
| Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska? | 0 | 0 | 1 | 12 | 13 | 1 | 27 | 4,52 | **96%** | 100% | 92% |
| Hvernig finnst þér þátttaka foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna vera í starfi skólans? | 0 | 1 | 3 | 16 | 6 | 0 | 26 | 4,04 | **85%** | 71% | 96% |
| Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans? | 0 | 0 | 0 | 4 | 25 | 0 | 29 | 4,86 | **100%** | 92% | 100% |
| Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu? | 0 | 0 | 1 | 6 | 20 | 2 | 29 | 4,79 | **97%** | 100% | 100% |
| Hvernig metur þú áhrif skólans á samfélagið í heild? | 0 | 0 | 1 | 4 | 23 | 1 | 29 | 4,83 | **97%** | 96% | 100% |
| Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskrárinnar? | 2 | 2 | 3 | 7 | 6 | 0 | 20 | 3,65 | **65%** | 44% | 44% |
| Hvernig metur þú námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum? | 0 | 0 | 3 | 14 | 8 | 0 | 25 | 4,20 | **88%** | 83% | 77% |
| Á hvaða hátt finnast þér verkefni, viðfangsefni og úrræði mæta námsþörfum allra nemenda? | 0 | 0 | 1 | 9 | 14 | 2 | 26 | 4,65 | **96%** | 88% | 96% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttað? | 0 | 0 | 0 | 9 | 16 | 1 | 26 | 4,69 | **100%** | 92% | 96% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framfylgt í samræmi við ákvæði laga? | 0 | 0 | 1 | 5 | 15 | 1 | 22 | 4,73 | **95%** | 92% | 88% |
| Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsaðferðir sem notaðar eru í skólanum? | 0 | 0 | 1 | 17 | 6 | 0 | 24 | 4,21 | **96%** | 80% | 84% |
| Á hvaða hátt finnst þér upplýsingar úr námsmati vera nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi? | 0 | 0 | 2 | 14 | 7 | 0 | 23 | 4,22 | **91%** | 86% | 70% |
| Hvernig metur þú hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri? | 0 | 0 | 1 | 8 | 18 | 0 | 27 | 4,63 | **96%** | 87% | 90% |
| Á hvaða hátt myndir þú lýsa samskiptum starfsfólks og nemenda? | 0 | 0 | 0 | 4 | 23 | 3 | 30 | 4,97 | **100%** | 100% | 100% |
| Á hvaða hátt finnst þér að stuðlað sé að jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu? | 0 | 0 | 1 | 7 | 21 | 0 | 29 | 4,69 | **97%** | 96% | 97% |
| Hvernig metur þú þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna og starfi skólans? | 0 | 1 | 3 | 14 | 6 | 0 | 24 | 4,04 | **83%** | 84% | 91% |
| Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna? | 0 | 0 | 0 | 11 | 17 | 0 | 28 | 4,61 | **100%** | 92% | 93% |
| Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir? | 18 | 10 | 1 | 5 | 4 | 0 | 38 | 2,13 | **24%** | 32% | 48% |
| Hvernig metur þú hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegn um sjálfsmat? | 0 | 2 | 2 | 13 | 7 | 0 | 24 | 4,04 | **83%** | 53% | 73% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig skólastefnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skýra og hnitmiðaða leiðsögn? | 0 | 1 | 3 | 8 | 9 | 0 | 21 | 4,19 | **81%** | 75% | 65% |
| Hversu virk finnst þér þátttaka starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana vera um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu? | 0 | 0 | 7 | 10 | 6 | 0 | 23 | 3,96 | **70%** | 59% | 60% |
| Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætlana, framkvæmd þeirra og eftirfylgni? | 0 | 4 | 1 | 15 | 4 | 0 | 24 | 3,79 | **79%** | 32% | 60% |
| Hvaða mat leggur þú fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans? | 0 | 0 | 0 | 6 | 22 | 0 | 28 | 4,79 | **100%** | 100% | 93% |
| Hvernig metur þú hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju? | 0 | 0 | 2 | 9 | 15 | 1 | 27 | 4,56 | **93%** | 79% | 89% |
| Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans? | 0 | 1 | 1 | 14 | 8 | 1 | 25 | 4,28 | **92%** | 73% | 79% |
| Hvaða mat leggur þú á skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila? | 0 | 3 | 3 | 11 | 10 | 0 | 27 | 4,04 | **78%** | 79% | 75% |
| Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar? | 0 | 0 | 3 | 14 | 10 | 0 | 27 | 4,26 | **89%** | 88% | 70% |
| Hvernig metur þú gæði þverfaglegrar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðiþjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórn)? | 0 | 3 | 4 | 7 | 6 | 1 | 21 | 3,90 | **67%** | 65% | 74% |
| Hvernig metur þú fjármálastjórnun skólans? | 1 | 0 | 3 | 7 | 6 | 0 | 17 | 4,00 | **76%** | 60% | 53% |
| Á hvaða hátt finnst þér húsnæði skólans, aðbúnaður og aðstaða vera nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi? | 1 | 4 | 4 | 17 | 1 | 0 | 27 | 3,48 | **67%** | 42% | 78% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda? | 0 | 0 | 2 | 11 | 9 | 0 | 22 | 4,32 | **91%** | 90% | 62% |
| Hvernig metur þú samhljóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans? | 0 | 1 | 1 | 9 | 13 | 0 | 24 | 4,42 | **92%** | 77% | 89% |
| Hvernig metur þú forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans í þeirri viðleitni að ná framúrskarandi árangri? | 0 | 1 | 1 | 12 | 7 | 1 | 22 | 4,27 | **91%** | 70% | 70% |
| Hvernig finnst þér unnið að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda? | 0 | 0 | 3 | 14 | 7 | 0 | 24 | 4,17 | **88%** | 68% | 67% |
| Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingastarfi? | 0 | 1 | 2 | 13 | 8 | 0 | 24 | 4,17 | **88%** | 65% | 67% |
| Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi? | 0 | 0 | 2 | 8 | 17 | 0 | 27 | 4,56 | **93%** | 81% | 96% |
| Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mötuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða? | 0 | 0 | 0 | 4 | 18 | 7 | 29 | 5,10 | **100%** | 92% | 93% |
| Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti skólans? | 0 | 0 | 1 | 4 | 16 | 7 | 28 | 5,04 | **96%** | 100% | 93% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)? | 0 | 0 | 2 | 7 | 15 | 4 | 28 | 4,75 | **93%** | 100% | 97% |
| Hvernig líður þér á vinnustað? | 0 | 0 | 0 | 3 | 20 | 6 | 29 | 5,10 | **100%** | 96% | 93% |

# Viðauki 2: Einkunnaskali

| | | |
|---|---|---|
| 6 | ***Framúrskarandi*** | Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði |
| 5 | ***Mjög gott*** | Afar sterkur þáttur |
| 4 | ***Gott*** | Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri |
| 3 | ***Nægilegt*** | Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök |
| 2 | ***Slakt*** | Mikilvæg atriði slök |
| 1 | ***Ófullnægjandi*** | Afar slakur þáttur |

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið ***framúrskarandi*** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið *framúrskarandi* er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið ***mjög gott*** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið *mjög gott* merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið ***gott*** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið *gott* gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið ***nægilegt*** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið *nægilegt* gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið ***slakt*** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið *slakt* komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði

slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið ***ófullnægjandi*** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins *ófullnægjandi*, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

# Viðauki 3: gg. Nýr nemendagæðagreinir „Sýn nemenda“

**Lykilþáttur 2**
**Gæðagreinir - sýn nemenda**
**Mikilvægir þættir í skólastarfinu sem nemendur Varmahlíðarskóla vilja meta**

**Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:** **Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við sýnum öðrum nemendum, starfsfólki og kennurum í skólanum virðingu. Andinn í bekkjum og milli bekkja er góður í skólanum. | | | | | | |
| B | Góð samskipti og samvinna er á milli nemenda og starfsfólks og kennara. Nemendur hlusta á og hlýða kennurum. Starfsfólk skólans er til fyrirmyndar og hlustar á það sem við segjum. | | | | | | |
| C | Allir fá aðstoð við vandamál sín svo sem náms- og félagsleg. | | | | | | |
| D | Nám í skólanum er fjölbreytt og við fáum að nota þær námsaðferðir sem að okkur finnast bestar til að gera góðan grunn fyrir framtíðina. Námið er ekki of krefjandi, skólinn notar góðar og sveigjanlegar námsaðferðir sem veldur því að við leggjum metnað í námið. | | | | | | |
| E | Okkur finnst útinám skemmtilegt, fræðandi og í hæfilegu magni. | | | | | | |
| F | Okkur finnst útiíþróttir vera í hæfilegu magni, útivist eldri nemenda vera vel háttað, íþróttakennslan vera góð og skemmtileg og íþróttavikan vel heppnuð. | | | | | | |
| G | Við fáum hæfilegt magn af heimanámi. Nægur tími og aðstoð er í boði. | | | | | | |
| H | Við erum meðvituð um umhverfið í kringum okkur og lærum um allskonar þjóðir í kringum okkur. | | | | | | |
| I | Skólinn býður upp á fjölbreytt skólaferðalög árlega fyrir hvern bekk. | | | | | | |
| J | Við finnum  fyrir ákveðnu frelsi í frímínútum, innan hóflegra | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | marka, með skipulögðum frímínútum vinaliðanna. | | | | | | |
| K | Samskipti nemenda í Varmahlíðarskóla eru góð. | | | | | | |
| L | Þeir sem verða fyrir einelti fá þann stuðning og hjálp sem að þau þurfa, vel er tekið á eineltismálum og við segjum frá því ef okkur líður illa í skólanum. Skólinn starfar skv. forvarnaráætlun Olweusar gegn einelti og allir nemendur og starfsfólk taka virka afstöðu gegn einelti. | | | | | | |
| M | Félagslíf í skólanum er gott og skemmtilegt og í hæfilegu magni. Hópefli gengur vel fyrir sig. | | | | | | |
| N | Skólaaðstaðan og skólabúnaður t.d. kynding, tölvubúnaður og húsgögn eru viðunandi. Við höfum aðgang að sjúkraþjónustu. | | | | | | |
| O | Nemendur finna fyrir miklu öryggi og góðum anda í skólarútunni. | | | | | | |
| P | Við erum sátt með matinn og mötuneytið. Við fáum nægan tíma til að borða. | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |

# Viðauki 4: gg. Læsi, markmið og leiðir

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

✓ ***Læsi markmið og leiðir***

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Í okkar skóla leggjum við áherslu á eflingu læsis með því að setja fram skýr markmið um kennslu, leiðir og árangur | | | | | | |
| B | Sýn okkar er sú að lestur sé lykill að þekkingu og öllu námi | | | | | | |
| C | Við leggjum áherslu á að vinna með ritmálið á fjölbreyttan hátt | | | | | | |
| D | Við styðjum við og eflum börn í að byggja upp þekkingu og færni í notkun málsins. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði *Markvissrar málörvunar* | | | | | | |
| E | Við vinnum með hlustun, tal og ritun sem eina heild þar sem lögð er áhersla á hljóðavitund, orðaforðavinnu og sýnileika bókstafa og orða ásamt öðrum þáttum sem fléttast inn í ferlið, svo sem stafsetningu, málfræði og skrift | | | | | | |
| F | Allir kennarar í okkar skóla leggja áherslu á að auka lesskilning, orðaforða og málskilning markvisst í öllu starfi og námsgreinum með börnunum | | | | | | |
| G | Við notum byrjendalæsi sem kennsluaðferð í lestri á yngsta stigi grunnskólans | | | | | | |
| H | Við vinnum jöfnum höndum með merkingu máls og tæknilega þætti læsis | | | | | | |
| I | Við leggjum áherslu á að efla sjálfsmynd barna og skapa jákvæða upplifun af lestri, ritun og tjáningu | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

# Viðauki 5: gg. Læsi, samstarf við heimilin

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

### ✓ *Samstarf við heimilin*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að foreldrar/forsjáraðilar taki virkan þátt í málörvun og þróun læsis barna sinna | | | | | | |
| B | Við hvetjum foreldra/forsjáraðila til að lesa reglulega fyrir börn sín því þannig leggja þeir sitt af mörkum til eflingar orðaforða og málþroska barna sinna | | | | | | |
| C | Við leggjum áherslu á að foreldrar/forsjáraðilar séu vel upplýstir um mikilvægi eflingu málþroska sem hluta af undirbúningi fyrir lestrarnám | | | | | | |
| D | Við leggjum áherslu á að foreldrar/forsjáraðilar séu vel upplýstir um hvaða leiðir er hægt að fara til að örva málþroska barna og hvað gert er varðandi lestrarþjálfun í skólanum | | | | | | |
| E | Við leggjum áherslu á heimalestur nemenda | | | | | | |
| F | Við leggjum áherslu á mikilvægi þátttöku og ábyrgðar foreldra/forsjáraðila og stuðnings þeirra varðandi heimalestur nemenda | | | | | | |
| G | Við öflum upplýsinga frá foreldrum/forsjáraðilum sem skipt gætu máli varðandi læsisþróun, málþroska og lestrarnám barna þeirra | | | | | | |
| H | Við upplýsum foreldra/forsjáraðila um framvindu lestrarnáms barna þeirra og málþroska með reglubundnum hætti | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

# Viðauki 6: gg. Læsi, samfella á milli skólastiga

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

### ✓ *Samfella á milli skólastiga*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við gætum þess að samfella sé í lestrarnámi og lestrarkennslu á milli skólastiga og skólagerða | | | | | | |
| B | Við gætum þess að lestrarnám hvers barns byggist á fyrri reynslu barnsins og myndi samfellda heild | | | | | | |
| C | Kennarar starfa saman að og miðla upplýsingum um þekkingu og færni barna í læsi á milli skólastiga/skólagerða eftir því sem við á, í samstarfi og/eða með samþykki foreldra | | | | | | |
| D | Niðurstöðum skimunarprófsins „Leið til læsis“ sem lagt er fyrir að hausti í 1. bekk er skilað til leikskóla og umbótaáætlun unnin í kjölfarið | | | | | | |
| E | Við hefjum markvissa skráningu í ferilbók (Vörður á leið til læsis) við eins árs aldur og til loka 4. bekkjar, bókin fylgir barninu á næsta skólastig | | | | | | |
| F | Við byggjum brýr á milli skólastiga m.a. með gagnkvæmum heimsóknum kennara og nemenda, viðeigandi upplýsingaflæði og samstarfi | | | | | | |

**Matssamantekt:**
***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***
***Þátttakendur í mati:***

# Viðauki 7: gg. Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið  Skagafjörð

✓ ***Lestrarhvetjandi umhverfi***

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við sköpum lestrarhvetjandi, málauðugt umhverfi sem kveikir áhuga og forvitni barna og hvetur þau jafnframt til rannsókna og athugana | | | | | | |
| B | Við höfum góða aðstöðu til að njóta lestrar í næði | | | | | | |
| C | Við höfum fjölbreytt, aðgengilegt, aldurssvarandi lesefni fyrir börn til að lesa sér til ánægju og yndisauka (s.s. bækur, rafrænt efni, tímarit, bæklinga, símaskrá, matreiðslubækur, veggspjöld, minnismiða, skilaboð, umbúðir, vörumerki og fl.) | | | | | | |
| D | Við merkjum hluti með orðum og setningum og leggjum áherslu á að nemendur læri að tákn hafi merkingu | | | | | | |
| E | Við leggjum áherslu á að dagsskipulag, reglur og fleira sé sýnilegt fyrir alla | | | | | | |
| F | Við höfum fjölbreytt gögn til ritunar aðgengileg í daglegu starfi | | | | | | |
| G | Við búum yfir ríkum aldurssvarandi efnivið og leikjum til örvunar máls, læsis og sköpunar (s.s. bókstafir í ýmsum gerðum, leikir og spil með bókstöfum, orðmyndum og setningum, gott aðgengi að gagnvirkum æfingum og leikjum sem nota má til mál- og læsisörvunar) | | | | | | |
| H | Við vinnum með fjölbreyttar tegundir texta og vinnum markvisst með þá í námi og kennslu (dæmi: söngvar, ljóð, skáldsögur, þjóðsögur, fræðitextar, leiðbeiningar og fl.) | | | | | | |
| I | Við erum góðar fyrirmyndir í lestri | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***
***Þátttakendur í mati:***

# Viðauki 8: gg. Læsi, einstaklingsmiðun

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

✓ ***Einstaklingsmiðun***

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við gætum þess að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga hvers barns | | | | | | |
| B | Við störfum eftir hugmyndafræðinni *skóli án aðgreiningar* og leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám | | | | | | |
| C | Þegar grunur vaknar um mál- eða lestrarerfiðleika bregðast kennarar strax við og leita ráðgjafar hjá viðeigandi aðilum | | | | | | |
| D | Við leggjum áherslu á að koma í veg fyrir að áhættuþættir þróist út í alvarlegri vanda | | | | | | |
| E | Umsjónarkennarar grunnskólanna og deildarstjórar leikskólanna bera ábyrgð á að einstaklingsáætlanir séu unnar þar sem þörf er á og þeim framfylgt | | | | | | |
| F | Í einstaklingsáætlununum eru markmið, kennsla, þjálfun, eftirfylgni og mat skilgreint með skýrum hætti | | | | | | |
| G | Við notum námsmat til að meta framfarir hjá hverju barni og til að sjá hvar það er statt í námi miðað við jafnaldra | | | | | | |
| H | Við leggjum áherslu á að efla og byggja á styrkleikum hvers barns | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

# Viðauki 9: gg. Læsi, tvítyngi og fjöltyngi

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

### ✓ *Tvítyngi og fjöltyngi*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við bjóðum tvítyngdum og fjöltyngdum börnum upp á örvun og kennslu í móðurmálum sínum því á þeim grundvallast nám í nýja málinu | | | | | | |
| B | Við óskum eftir því að foreldrar/forsjáraðilar styðji við íslenskunám barna sinna og sjái jafnframt til þess að þau fái tækifæri til þess að þróa og rækta móðurmál sitt | | | | | | |
| C | Við gerum foreldrum/forsjáraðilum kleift að taka virkan þátt og fylgjast með lestrarkennslu og lestrarnámi barna sinna | | | | | | |
| D | Þegar verkefni, skimanir og próf tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda, sem varða málþroska, lestur og ritun eru metin er horft til þess að þau viðmið um árangur sem notuð eru miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál | | | | | | |
| E | Leitað er eftir upplýsingum frá foreldrum um málþroska tvítyngdra og fjöltyngdra barna út frá þeim tungumálum sem barnið notar | | | | | | |
| F | Tvítyngd og fjöltyngd börn hafa tækifæri til náms á þeirra móðurmálum samhliða íslenskunni | | | | | | |
| G | Við greiðum aðgengi tvítyngdra og fjöltyngdra barna að bókum á móðurmáli sínu | | | | | | |
| H | Við leggjum áherslu á að virðing sé borin fyrir móðurmáli barna á sýnilegan hátt í skólanum | | | | | | |
| I | Við beitum fjölbreyttum aðferðum í námi og kennslu til að barnið öðlist færni í íslensku | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

# Viðauki 10: gg. Læsi, skimanir

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

### *Skimanir*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við notum niðurstöður skimana á málþroska og læsi markvisst í þeim tilgangi að finna nemendur sem líklegir eru til að eiga í lestrarerfiðleikum | | | | | | |
| B | Við beitum snemmtækri íhlutun þar sem við á til að koma í veg fyrir að áhættuþættir fyrir ýmsum erfiðleikum þróist út í raunverulega erfiðleika síðar á lífsleiðinni (snemmtæk íhlutun er: menntunarfræðileg meðferð, stuðningur og þjónusta sem veitt er börnum undir átta ára aldri) | | | | | | |
| C | Við nýtum niðurstöður skimana til grundvallar kennslu | | | | | | |
| D | Við nýtum niðurstöður skimana við gerð einstaklingsáætlana fyrir alla nemendur sem reynast undir viðmiðum í þeim skimunum sem lagðar eru fyrir | | | | | | |

**Matssamantekt:**
***Sterku hliðarnar okkar:***
***Það sem þarf að bæta:***
***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***
***Þátttakendur í mati:***

# Viðauki 11: gg. Læsi, verklag

**Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð**

***Verklag***

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Virkt læsisteymi er starfandi í okkar skóla sem heldur utan um og skipuleggur vinnu við gerð læsisistefnu. Teymið fundar að lágmarki tvisvar í mánuði | | | | | | |
| B | Fulltrúi/ar frá læsisteymi úr okkar skóla funda með læsisráði sem samanstendur af fulltrúum læsisteyma úr leik-, grunn- og tónlistarskóla í Skagafirði, a.m.k. einu sinni í mánuði | | | | | | |
| C | Allir kennarar í okkar skóla og aðrir starfsmenn eftir því sem við á koma að vinnu við gerð læsisstefnu með leiðbeiningum og umsjón frá fulltrúum úr læsisteymi | | | | | | |
| D | Við höfum fengið góða kynningu á því hvernig unnið verður að læsisstefnu fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Í Skagafirði og hvaða hlutverki við starfsfólkið gegnum í þeirri vinnu | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

1 2 3 4 5

6

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***